

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræðiskor 3. ár

Manndráp af ásetningi

Um ýmis atriði sem áhrif hafa á þyngd refsinga fyrir brot gegn
211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Júlí Ósk Antonsdóttir
Lokaverkefni í félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræðiskor 3. ár
Ingibjörg Elíasdóttir

Manndráp af ásetningi

Um ýmis atriði sem áhrif hafa á þyngd refsinga fyrir brot gegn
211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Júlí Ósk Antonsdóttir
lokaverkefni til 90 eininga B.A.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild

Yfirlýsingar:

a) Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Júlí Ósk Antonsdóttir

b) Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild.

Ingibjörg Elíasdóttir

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um manndráp af ásetningi, þ.e. brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þá sérstaklega ýmis atriði sem virðast hafa áhrif á þyngd refsinga. Flest þessara atriða eru ekki nefnd í VIII. kafla laganna, en sá kafli fjallar um atriði sem áhrif hafa á refsihæðina.

Fjallað er almennt um manndráp og 211. gr. hegningarlaganna. Síðan er gerð úttekt á þeim 35 manndrápsmálum sem farið hafa fyrir Hæstarétt, þar sem brotamaðurinn er sakfelldur, á tímabilinu frá 1955 - 2005. Til að mynda er farið í dreifingu refsíakvarðana og refsíakvarðanir héraðsdóms og Hæstaréttar í þessum málum bornar saman og litið til þess hvaða ástæður liggja að baki þess að Hæstiréttur eykur við eða lækkar refsíakvarðanir héraðsdóms. Einnig er gerð grein fyrir ýmsum atriðum varðandi brotamennina, það er hverjir þeir voru s.s. konur eða karlar, og á hvaða aldri; og þá hvaða áhrif kyn og aldur brotamanna hefur á þyngd refsinga. Kynferði brotamanna virðist ekki hafa afgerandi áhrif á refsingar, en aldur virðist aftur á móti hafa þó nokkur áhrif þar á. Einnig er fjallað um brotaþola og tengsl þeirra við brotamennina og þá sérstaklega hvað áhrif tengsl brotamanna og brotaþola hafa á þyngd refsinga. Svo virðist vera að brotamenn fái lægri refsingu eftir því sem kynni þeirra við brotaþola eru meiri. Einnig er kannað hvaða áhrif verknaðaraðferðir manndrápa hafa á þyngd refsinga, en svo virðist vera að eftir því sem verknaðaraðferð er hrottafengnari, því þyngri er refsing brotamannsins.

Abstract

This essay is about intentional manslaughter, i.e. violations of article 211 of the Icelandic penal code and, in particular, items that appear to impact the severity of penalties. Most of these are not mentioned in chapter VIII of the penal code, which deals with aspects which affect the harshness of penalties.

Manslaughter will be discussed in general along with article 211 of the penal code. There will be a discussion of the 35 cases of intentional manslaughter where the accused is convicted in the Supreme Court, during the period 1955 – 2005. For example, the distribution of penalty decision of the district court and the Supreme Court in these cases, with a view to the grounds for the Supreme Courts either lightening or increasing the severity of penalties imposed by the district court. Furthermore, certain facts relating to the offenders will be illustrated, i.e. information relating to personal identity, e.g. gender and age; also how gender and age impacts the weight of penalties. The gender of offenders does not seem to have a decisive effect on the severity of penalties; age, on the other hand, appears to carry some impact in this respect. The victims will also be discussed and their relationship to the offenders; in particular what effect the connection between victims and offenders has on penalties. It would appear that there is a positive correlation between lighter penalties being imposed on offenders and the closeness between lighter of their relationship to their victims. A study is also made of the impact methods of manslaughter have on the harshness of penalties. Apparently, the grosser the violence characterising the method of manslaughter the more severe the penalty.

Efnisyfirlit:

<u>Formáli</u>	6
<u>1. Inngangur</u>	7
<u>2. Manndráp af ásetningi</u>	9
<u>3. Dreifing refsíakvarðana</u>	12
3.1 Samanburður á refsingum héraðsdóms og Hæstaréttar	12
3.1.1 <i>Hæstiréttur lækkar refsíakvörðun</i>	14
3.1.2 <i>Hæstiréttur eykur við refsíakvörðun</i>	16
<u>4. Brotamennirnir</u>	19
4.1 Kynferði brotamanna	19
4.2 Aldur brotamanna	21
4.2.1 <i>Meðalrefsing brotamanna miðað við aldur</i>	21
<u>5. Brotþolar</u>	28
<u>6. Tengsl brotamanns og brotþola</u>	29
6.1 Meðalrefsing miðað við tengsl milli brotamanns og brotþola	31
6.1.1 <i>Brotþoli tengdur fyrirverandi maka brotamanns</i>	32
6.1.2 <i>Brotþoli fyrirverandi samstarfsmaður brotamanns</i>	32
6.1.3 <i>Brotþoli þekkti brotamann lítið eða ekkert</i>	33
6.1.3.1 <i>Brotþoli er sviptur lífi í kjölfar ráns</i>	35
6.1.4 <i>Brotþoli vinur eða kunningi brotamanns</i>	37
6.1.5 <i>Brotþoli fyrirverandi maki brotamanns</i>	37
6.1.6 <i>Brotþoli maki brotamanns</i>	39
<u>7. Verknaðaraðferð</u>	41
7.1 Meðalrefsing brotamanna miðað við verknaðaraðferð	42
<u>8. Samantekt og niðurstöður</u>	46
<u>Heimildaskrá</u>	49
<u>Dómaskrá</u>	50
<u>Myndaskrá</u>	51

Formáli

Það sem í upphafi varð til þess að ég ákvað að lesa mér til um manndráp og fræðast nánar um þess háttar afbrot er að strákur sem ég þekkti varð fyrir fólkskulegri árás þann 25. maí 2002 og lést af áverkum árásarinnar þann 2. júní 2002. Ég ákvað því að lesa mér til um þessi mál til að reyna að skilja hvers vegna morðingjar hans fengu svo væga dóma sem raun bar vitni en þeir voru einungis dæmdir í þriggja og sex ára fangelsi, og sá sem var dæmdur í sex ára fangelsi var einnig dæmdur, samkvæmt 77. gr. hegningarlaganna, fyrir tvær aðrar líkamsárásir sem voru einnig að mestu tilefnislausar og sérlega hrottafengnar.

Einnig reyndi ég að skilja hvers vegna brot þeirra var fellt undir 2. mgr. 218. gr. en ekki 211. gr. En manndráp af ásetningi á einnig við þar sem brotamanni hefði átt eða mátt vera ljóst að verknaður hans gæti leitt til dauða og ég tel að brotamönnum í þessu máli hefði átt eða mátt vera ljóst að það að beita mann svo fólkskulegri líkamsárás og sparka ítrekað í höfuð hans gæti valdið dauða. Eftir að hafa kynnt mér þessi mál skil ég hvers vegna þetta var fellt undir 2. mgr. 218 gr., þ.e. líkamsárás sem veldur dauða, í stað 211. gr. hegningarlaganna sem er manndráp af ásetningi. Því aðstæður voru með þeim hætti að 2. mgr. 218. gr. átti frekar við.

Það útskýrir þó ekki hvers vegna brotamennirnir fengu svo lága dóma sem raun ber vitni, því brot á 2. mgr. 218. gr. varðar allt að 16 ára fangelsi. Það er illskiljanlegt hvers vegna brotamennirnir í þessu máli fengu svo lága dóma, því margir brotamenn hafa fengið þyngri dóma fyrir minni brot, auk þess sem héraðsdómur tekur sérstaklega fram að atlagan hafi nánast verið tilefnislaus og að ekkert réttlætti jafn hrottalega árás og þessa, enda gat fórnarlambið lengstum enga vörn sér veitt. Þrátt fyrir þetta dæmdi héraðsdómur brotamennina einungis í 2 og 3 ára fangelsi.

Ég vil svo nota tækifærið og þakka öllum sem aðstoðuðu mig á einhvern hátt með ritgerð þessa. Ég vil þakka Ingibjörgu Elíasdóttur fyrir allar leiðbeiningar, athugasemdir, ábendingar og allt annað sem hún hefur aðstoðað mig með. Ragnheiði Harðardóttur fyrir þær upplýsingar sem hún veitti mér. Einnig vil ég þakka Evu Sigríði Ólafsdóttur fyrir að prófarkalesa, Rafni Kjartanssyni fyrir að bregðast við á neyðarstundu og aðstoða mig með enska útdráttinn og Jónu Vilhelminu Héðinsdóttur fyrir aðstoð við innbindingu. Ég vil svo að lokum þakka fjölskyldu og vinum fyrir alla veitta aðstoð.

Júlí Ósk Antonsdóttir

1. Inngangur

Ritgerð þessi fjallar um manndráp af ásetningi eða brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og verður aðallega litið til Hæstaréttardóma sem fallið hafa í slíkum málum frá 1955-2005 þar sem brotamaðurinn var sakhæfur og sakfelldur. Það ber þó að athuga að ekki verður litið til dóma varðandi Guðmundar- og Geirfinnsmálið, H 214/1978 og H 89/1980. Fyrir utan þá dóma hafa, samkvæmt bestu vitund, 35 mál er varða brot á 211. gr. hegningarlaganna farið fyrir Hæstarétt og lokið með dómi á tímabilinu frá 1955 til 2005. Í þeim 35 málum voru 38 sakfelldir, því í þremur málum (H 9/1977, H 25/1991 og H 8/1998) var um samverknað að ræða. Hæstaréttardómarnir eru:

H 159/1957	H 150/1958	H 79/1960	H 19/1962	H 3/1968	H 71/1969
H 40/1974	H 217/1976	H 9/1977	H 52/1977	H 194/1977	H 79/1978
H 55/1979	H 31/1980	H 119/1980	H 9/1982	H 92/1982	H 167/1983
H 168/1984	H 230/1984	H 22/1986	H 62/1987	H 116/1988	H 181/1988
H 250/1988	H 76/1989	H 25/1991	H 232/1992	H 461/1993	H 8/1998
H 45/2000	H 24/2001	H 62/2001	H 121/2001	H 141/2005 ¹	

Það ber þó að taka fram að þetta eru ekki öll manndrápsmál, sem hafa átt sér stað hér á landi á tímabilinu frá 1955 til 2005, því ekki hafa öll slík mál farið fyrir dóm þar sem í nokkrum tilvikum stytta brotamaður sér aldur í kjölfar verknaðar og eflaust eru einhver mál enn óupplýst. Auk þess sem einstaka málum hefur lokið með sýknu eða með dómi um öryggisgæslu vegna þess að brotamaður var ósakhæfur. Ekki verður fjallað um þau mál í þessari ritgerð. Einnig er rétt að hafa í huga að ekki falla öll manndrápsmál undir 211. gr. þar sem hún tekur einungis til manndráps af ásetningi. Aðrar greinar hegningarlaganna taka til annars konar manndrápa og má þar til dæmis nefna 215. gr., en hún tekur til manndráps af gáleysi og 2. mgr. 218. gr., en hún tekur til líkamsárása sem leiða til dauða.² Brot gegn þessum greinum eru ekki til umræðu í þessari ritgerð heldur verður einungis fjallað um brot gegn 211. gr. hegningarlaganna sem hafa farið fyrir Hæstarétt og lokið með dómi þar sem brotamaður telst sakhæfur og er sakfelldur.

¹ Þessa dóma er að finna á vefsíðu réttarríkisins <http://www.rettarrikid.is/> og í dómasafni Hæstaréttar á vefslóðinni <http://www.haestirettur.is/index.jsp>.

Lagaheimildir er svo að finna í Lagasafninu á vefsíðu Alþingis <http://althingi.is/vefur/lagasafn.html>.

² Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 23, 107-108.

Vert er að benda á að þó svo að manndráp varði 211. gr. hegningarlagna og brotamaður sé sakhæfur og sakfelldur í héraði, þá fer mál hans ekki endilega fyrir Hæstarétt, því ekki er öllum málum áfrýjað til Hæstaréttar. Að minnsta kosti ekki eftir 1. júlí 1992, þá tóku gildi ný lög um meðferð opinberra mála eða lög nr. 19 frá 1991. Fyrir gildistöku þeirra laga var ríkissaksóknara skylt samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 að áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar ef brotamaður var dæmdur í 5 ára fangelsi eða meira. Þar sem lægri mörk refsiramma 211. gr. hegningarlagna eru 5 ára fangelsi, þá er refsing fyrir brot gegn 211. gr. nánast undatekningarlaust þyngri en 5 ára fangelsi. Þar af leiðandi var öllum manndrápsmálum sem féllu undir 211. gr. hegningarlagna áfrýjað til Hæstaréttar fram til 1. júlí 1992. Eftir gildistöku nýju laganna var ekki lengur skylt að áfrýja öllum málum til Hæstaréttar ef brotamaður var dæmdur til 5 ára fangelsis eða meira, þar sem nýju löginn innihéldu ekki sambærilegt ákvæði og 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974.³

Eins og fram hefur komið þá fjallar þessi ritgerð um manndráp af ásetningi, og þá sérstaklega ýmis atriði sem virðast hafa áhrif á þyngd refsinga. Flest þessara atriða er þó ekki að finna í VIII. kafla almennu hegningarlagna nr. 19/1940, en sá kafli fjallar um atriði sem áhrif hafa á refsihæðina. Í þessari ritgerð verður fremur farið í annars konar atriði sem virðast hafa áhrif á þyngd refsinga, þó verður farið eitthvað inn á stök atriði sem nefnd eru í VIII. kafla hegningarlagna.

Í upphafi verður fjallað almennt um manndráp af ásetningi og 211. gr. hegningarlagna og síðan gerð úttekt á þeim 35 manndrápsmálum sem farið hafa fyrir Hæstarétt, þar sem brotamaðurinn er sakfelldur, frá 1955 til 2005. Til að mynda verður farið í dreifingu refsíakvarðana og refsíakvarðanir héraðsdóms og Hæstaréttar í þessum málum bornar saman og litið til þess hvaða ástæður liggja að baki þess að Hæstiréttur eykur við eða lækkar refsíakvarðanir héraðsdóms. Síðan verður gerð grein fyrir ýmsum atriðum varðandi brotamennina, hvort þeir voru konur eða karlar og á hvaða aldri þeir voru með tilliti til hvaða áhrif kyn brotamanna og aldur þeirra hafa á þyngd refsinga. Einnig verður fjallað um tengsl brotþola við brotamennina og hvort og þá hvaða áhrif tengsl brotamanna og brotþola hafa á þyngd refsinga. Verknaðaraðferðir manndrápa verða einnig teknar fyrir og litið til þess hvort og þá hvaða áhrif verknaðaraðferðir manndrápa hafa á þyngd refsinga. Að lokum verður gerð samantekt á niðurstöðum ritgerðarinnar.

³ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 23 og 134.

2. Manndráp af ásetningi

Í XXIII. kafla almennu hegningarlögunum nr. 19 frá 1940, sem fjallar um manndráp og líkamsmeiðingar er að finna ákvæði í 211.-214. gr. um manndráp af ásetningi. Í 211. gr. er að finna meginákvæði laganna um manndráp af ásetningi, en í 212.- 214. gr. er að finna sérákvæði.

211. gr. hefur verið óbreytt frá gildistöku hegningarlögunum.⁴ 211. gr. leysti af hólmi 187. gr. og 191. gr. eldri hegningarlögunum frá 1869, en í þeim lögum var gerður greinarmunur á manndrápi og morði. 187. gr. fjallaði um manndráp, en 191. gr. um morð, en meginmunurinn á manndrápi og morði var sá að morð var framið með ráðnum hug, þ.e. fyrirfram ákveðið og vel undirbúið eða skipulagt, en manndráp var framið af ásettu ráði. Slíkur greinarmunur er því ekki lengur til staðar í núgildandi hegningarlögum, því hvoru tveggja manndráp og morð eftir gömlu lögum flokkast sem manndráp af ásetningi og falla undir 211. gr. núgildandi hegningarlögunum.

Manndráp af ásetningi samkvæmt 211. gr. hegningarlögunum er það að flýta dánarstundu manns af ásetningi með ólögum hætti, en ásetningur skal ná bæði til verknaðar sem og afleiðinga.⁵ Manndráp af ásetningi felst í áformum eða fyrirætlun um það að svipta mann lífi, hvort sem það er skipulagt fyrirfram eða ásetningur vaknar á verknaðarstundu, og á einnig við þar sem brotamanni hefði átt eða mátt vera ljóst að verknaður hans gæti leitt til dauða.

Við broti á 211. gr. liggur þyngrri refsing en við nokkru öðru broti gegn almennum hegningarlögum, sem er í samræmi við það að manndráp er alvarlegast ofbeldisbrota. Meðalrefsing fyrir manndráp liggur einnig ofar í refsirammum en meðalrefsing fyrir önnur brot.⁶ Þess má einnig geta að manndráp er eitt af fáum brotum sem eru ófyrmanleg, en sem dæmi um önnur ófyrmanleg brot má nefna frelsissviptingu og landráð.⁷

Í 211. gr. hegningarlögunum segir: „Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.“ Lægri mörk refsirammans eru því 5 ár og efri mörk hans ævilangt fangelsi. Hæstiréttur hefur þó aldrei dæmt brotamann í ævilangt fangelsi, en héraðsdómur hefur aftur á móti tvisvar dæmt menn í ævilangt fangelsi. Í fyrra skiptið var það sakadómur Reykjavíkur sem dæmdi tvo brotamann-

⁴ Sigurður Tómas Magnússon & Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 105.

⁵ Ragnheiður Harðardóttir. *Um brot gegn 211. almennra hegningarlögunum* (1991), bls. 43.

⁶ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 23 og 105.

⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 309.

anna í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu í ævilangt fangelsi þann 19. desember 1977, en Hæstiréttur dæmdi þeim tímabundið fangelsi, en þeir fengu 16 og 17 ára fangelsi fyrir Hæstarétti (sjá H 89/1980).⁸ Í seinna skiptið var það héraðsdómur Reykjavíkur sem dæmdi brotamann í ævilangt fangelsi þann 22. október 1993. Hæstiréttur dæmdi hann til tímabundinnar refsivistar, en nýtti þó refsihækkunarákvæði 79. gr. líkt og fjallað verður um hér á eftir, og dæmdi Hæstiréttur hann í 20 ára fangelsi (sjá H 461/1993).

Refsiákvæðanir í þeim manndrapsmálum sem farið hafa fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955-2005 eru allar tímabundnar og liggja yfirleitt á bilinu frá 5 ára fangelsi og upp í 16 ára fangelsi, en í 1. mgr. 34. gr. hegningarlagna segir: „Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.“ Það er þó ýmislegt sem haft getur áhrif á þá refsingu sem brotamaður fær, en slík ákvæði er að finna í VIII. kafla hegningarlagna, en sá kafli fjallar um atriði er hafa áhrif á refsihæðina.

Hegningarlögin heimila þó þyngri tímabundnar refsingar en fjallað er um í 1. mgr. 34. gr. hegningarlagna, en samkvæmt 79. gr. sömu laga heimila lög aukna refsingu við broti og eru takmörk 34. gr. hegningarlagna því ekki til fyrirstöðu að dæma menn til allt að 20 ára fangelsisvistar. Þetta ákvæði er stundum notað þegar verið er að refsa fyrir fleiri en eitt brot eða þegar um er að ræða brot á skilorði reynslulausnar eða skilorðsbundins dóms, líkt og sjá má í þeim manndrapsmálum þar sem Hæstiréttur hefur dæmt brotamönnum lengri refsingu en 16 ára fangelsi á tímabilinu frá 1955-2005, samanber H 25/1991, H 461/1993 og H 24/2001.⁹

H 25/1991. 28 ára karlmaður var dæmdur í 17 ára fangelsi fyrir að ræna bensínstöð ásamt öðrum manni og verða starfsmanni stöðvarinnar að bana með því að stinga hann margoft í bak og brjóst og slá hann í höfuðið. Einnig var ákært fyrir brot á 173. gr. hegningarlagna fyrir að hafa fengið sent og flutt inn sjálfur stóra skammta af LSD sem hann ráðgerði að selja megnið af héraðs. Brotamaðurinn braut einnig skilorð, en hann hafði verið dæmdur til þriggja mánaða skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar fyrir þjófnað og var sá dómur því dæmdur upp samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlagna og brotamanni gerð refsing í einu lagi samkvæmt 77. og 78. gr. laganna.

⁸ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 99.

⁹ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 105.

H 24/2001. 21 árs karlmaður var dæmdur í 18 ára fangelsi fyrir að hafa nauðgað fyrrverandi kærustu sinni, stungið vinkonu hennar til bana og fyrir líkamsárás gegn kærasta vinkonunnar. Refsing var dæmd í einu lagi fyrir öll brotin samkvæmt 77. gr. hegningarlaganna.

H 461/1993. 36 ára karlmaður var dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að brjótast inn í íbúð fyrrverandi kærasta fyrrverandi kærustu sinnar og stinga hann til bana. Ákærði rauf með þessu athæfi skilyrði reynslulausnar sem hann hafði fengið á 7 ára refsivist, en hann hafði 10 árum áður verið dæmdur til 14 ára fangelsisvistar fyrir manndráp. Refsing var því ákvörðuð í einu lagi, samkvæmt 1. mgr. 42. gr. hegningarlaganna, fyrir það brot, sem nú var dæmt, með hliðsjón af þeirri refsivist sem ólokið var, samkvæmt reglum 60. gr. og 77. gr. hegningarlaganna. Þetta er eina málið þar sem Hæstiréttur nýtti að fullu refsilyngingarákvæði 79. gr. í manndrápsmáli á tímabilinu frá 1955-2005.

Í einungis einu tilviki, H 62/1987, var farið niður fyrir lægri mörk refsirammans, en brotamaður var þá dæmdur til 4 ára skilorðsbundinnar refsingar, sem er einnig eini dómurinn sem fallið hefur í manndrápsmáli þar sem refsing er skilorðsbundin. Það sem átti þátt í því að refsingin var lægri en lægri mörk refsirammans segja til um og þar að auki skilorðsbundin að fullu er að brotamaðurinn var einungis 15 ára gamall þegar brotið átti sér stað og er því sá yngsti sem framið hefur manndráp af ásetningi hér á landi, a.m.k. í þeim málum sem fóru fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955 til 2005, en sá næstýngsti var tæplega 18 ára gamall.


Þess má geta að menn verða ekki sakhæfir fyrr en við 15 ára og því má ekki refsa mönnum fyrir verknað sem þeir framkvæma áður en þeir ná 15 ára aldri. Þegar unglingur er svo sakfelldur í fyrsta sinn fyrir dómi og ekki er um að ræða sektarrefsingu heldur fangelsisrefsingu er algengast að refsingin sé skilorðsbundin.¹⁰ Aldur brotamannsins hefur því eflaust átt stóran þátt í því hvernig refsingu hans var háttáð, þar sem hann var einungis 15 ára og þetta var hans fyrsta brot, þetta er því eflaust meginorsök þess hversu lágan dóm hann fékk og þess að hann var skilorðsbundinn að fullu. Talið var að sökum ungs aldurs væri líklegt að fangelsun hefði alvarleg áhrif á persónuleikaprofna hans, aðlögun, nám og nánast alla hans framtíð, auk þess sem brotþoli hafði ítrekað veist að honum og slegið og sparkað í hann og tekið af honum húfu sem hann var með vegna blettaskalla.

¹⁰ Ingibjörg Benediktsdóttir. *Staða sakhæfra barna á aldrinum 15-18 ára sem sakborninga* (2001), bls 319 og 326.

3. Dreifing refsíakvarðana

Refsíakvarðanir Hæstaréttar fyrir brot gegn 211. gr. hegningarlaganna á tímabilinu frá 1955 til 2005 voru nokkuð dreifðar en lágu þó flestar á bilinu frá 12 til 16 ára fangelsisvistar, eins og sjá má á mynd 3.1. Um það bil tveir þriðju brotamanna voru dæmdir til 12 ára eða lengri refsivistar í Hæstarétti.

Mynd 3.1 Dreifing refsinga fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna



Algengasta refsíakvörðunin er 16 ár. Það sést þó ekki greinilega á mynd 3.1 þar sem súlan sem stendur fyrir 16 ára refsivist er sú eina sem stendur einungis fyrir eina refsíakvörðun, þ.e. 16 ára fangelsi, á meðan hinar standa fyrir fjórar mismunandi tímalengdir, t.d. 12, 13, 14 og 15 ára fangelsi. Þetta sést betur á mynd 3.2. sem sýnir samanburð á dreifingu refsíakvarðana fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.

3.1 Samanburður á refsingum héraðsdóms og Hæstaréttar


Refsingar Hæstaréttar og héraðsdóms virðast vera nokkuð svipaðar þegar kemur að brotum gagnvart 211. gr. hegningarlaganna. Meðalrefsing fyrir brot gegn 211. gr. hegningarlaganna er fyrir héraðsdómi 12 ár og rúmlega 5 mánuðir, en ætti í raun að vera hærri þar sem héraðsdómur dæmdi einn brotamannanna í ævilangt fangelsi. En ekki er hægt að taka það með í reikninginn þar sem samkvæmt orðanna hljóðan þá er ævilangt fangelsi “ævilangt” og lýkur því við andlát brotamanns.¹¹ Erfitt er því að áætla hversu löng sú refsíakvörðun hefði verið í árum, því það fer algerlega eftir því hversu gamall brotamaður er þegar hann fremur brot og því hversu gamall hann

¹¹ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 99.

gæti komið til með að verða hversu langt ævilangt fangelsi er í árum talið. Meðalrefsing annarra brotamanna fyrir héraðsdómi er eins og áður hefur verið nefnt 12 ár og rúmlega 5 mánuðir. Meðalrefsing sömu brotamanna fyrir Hæstarétti er 12 ár og tæplega 5 mánuðir, en meðalrefsing allra brotamanna er fyrir Hæstarétti 12 ár og rúmlega 7 mánuðir. Refsingar viðast því vera svipaðar á báðum dómstigum. Þetta sést einnig vel ef litið er til miðgildis refsinga sem er eins hjá bæði Hæstarétti og héraðsdómi, en það er 14 ára fangelsi á báðum dómstigum, sem er herra en meðalrefsing brotamanna og orsakast eflaust af því hversu margir hljóta 16 ára dóm og hve hlutfallslega fáir fá lága dóma.

Helsti munurinn á refsíákvörðunum Hæstaréttar og héraðsdóms er að refsíákvarðanir héraðsdóms eru ögn dreifðari en refsíákvarðanir Hæstaréttar. Dreifing refsíákvarðana héraðsdóms er nokkuð jöfn fyrir utan það hversu margir eru dæmdir til 16 ára fangelsisrefsingar. 16 ára fangelsi er langalgengasta refsíákvörðunin bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Fyrir utan það eru refsíákvarðanir héraðsdóms nokkuð jafnt dreifðar eins og sjá má á mynd 3.2.

Mynd 3.2 Samanburður á refsingum Hæstaréttar og héraðsdóms



Á mynd 3.2 sést einnig að héraðsdómur virðist ögn líklegri en Hæstiréttur til að dæma brotamönnum refsingu sem liggur utan refsiramma 211. gr. hegningarlaganna. Héraðsdómur hefur til dæmis þrisvar sinnum dæmt brotamenn í 4 ára fangelsi, sem liggur neðan við lægri mörk refsiramma 211. gr. hegningarlaganna. Hæstiréttur hefur einungis, eins og áður hefur verið nefnt, í einu tilfalli dæmt brotamann til lægri refsingar en 211. gr. kveður á um. Héraðsdómur hefur einnig

oftar nýtt sér refsipýngingarákvæði 79. gr. eða fjórum sinnum þegar hins vegar Hæstiréttur hefur einungis nýtt sér það í þremur tilvikum. Héraðsdómur hefur einnig nýtt allan refsirammann, þ.e. dæmt brotamann í ævilangt fangelsi, en Hæstiréttur hefur aftur á móti alltaf haldið sig við tímabundnar refsingar.

Refsingar eru því nokkuð svipaðar á báðum dómstigum, þar sem miðgildi refsinga er eins á báðum dómstigum og meðalrefsing brotamanna nánast sú sama. Þrátt fyrir þetta er Hæstiréttur ekki alltaf sammála niðurstöðum héraðsdóms hvað varðar þyngd refsinga. 13 brotamenn eða 34% fengu þyngri refsingu fyrir Hæstarétti en fyrir héraðsdómi, 11 brotamenn eða rétt tæp 29% fengu aftur á móti lægri refsingu fyrir Hæstarétti en fyrir héraðsdómi. Í 14 tilvikum eða 37% tilfella staðfesti Hæstiréttur þá refsíákvörðun er kveðið var á um í héraðsdómi. Þannig að hlutfallið milli þess sem Hæstiréttur jók refsingu eða lækkaði er því nokkuð jafnt og á því sinn þátt í því hversu meðalrefsing þessara tveggja dómstiga er svipuð.

Í þeim málum sem Hæstiréttur jók refsingu brotamanna, frá því sem ákveðið var í héraðsdómi, lækkaði refsing um $\frac{1}{2}$ - 4 ár. Þegar á hinn bóginn Hæstiréttur lækkaði þá refsíákvörðun, er kveðið var á um í héraðsdómi, þá lækkaði refsing brotamanna um 1-6 ár. Í einu tilviki lækkaði Hæstiréttur refsíákvörðun héraðsdóms umtalsvert. Ekki er hægt að segja til um hve mikið sú refsing lækkaði í árum talið, eins og áður hefur verið nefnt, því brotamaður var dæmdur í ævilangt fangelsi í héraðsdómi, en Hæstiréttur lækkaði það niður í 20 ára fangelsi.

3.1.1 Hæstiréttur lækkar refsíákvörðun héraðsdóms

Hæstiréttur lækkaði refsíákvörðun héraðsdóms í 11 tilvikum eins og áður hefur verið nefnt; í þessum tilvikum lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamanna um 1-6 ár; í einu tilviki lækkaði Hæstiréttur refsíákvörðun héraðsdóms úr ævilöngu fangelsi niður í 20 ára fangelsi.

Í fjórum málum H 79/1978, H 9/1982, H 92/1982 og H 121/2001 lækkaði Hæstiréttur refsíákvörðun að því er virðist vera vegna undangengis athæfis brotþola sem olli því að brotamaður tók líf brotþola.

Í H 79/1978 lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamanns úr 16 ára fangelsi niður í 14 ára fangelsi. Af orðum Hæstaréttar má ætla að ástæðan fyrir lækkuninni sé að erfðeigari hafi komið upp í sambúð brotamanns og brotþola, brotþoli hafi ákveðið að slíta samvistum við brotamann og því ekki farið til hans til Svíþjóðar eins og staðið hafi til. Þetta fékk mikið á brotamann og sneri hann aftur til Íslands og svipti

brotapola lífi. Þess má einnig geta að svo virðist sem fyrirhugað sjálfsvíg brotamanns hafi einnig verið virt honum til málsbóta, en hann skar sig á púls eftir að hafa skotið brotapolu til bana. Þegar það varð honum ekki að aldurtíla skaut hann sig, en það dugði ekki heldur til.¹²

Í H 9/1982 lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamanns einnig úr 16 ára fangelsi niður í 14 ára fangelsi. Af orðum Hæstaréttar má ætla að ástæðan fyrir lækkuninni sé að brotapolu, eiginmaður brotamanns, var drykkjumaður, og þykir sýnt, að hann hafi verið mjög erfiður á heimili, er hann var þar drukkinn. Brotapoli hafði verið drukkinn á heimilinu í þrjá daga og var ofurölvi er hann var sviptur lífi. Brotamaðurinn var örvinglaður þennan dag vegna hátternis brotapola og sídrykkju hans. Á heimilinu voru börn þeirra hjóna, 5 og 6 ára. Hæstiréttur leit til þess að brotamaður reyndi fljótlega eftir að hann framdi brot sitt að draga úr skaða af völdum þess.

Í H 92/1982 lækkaði Hæstiréttur refsíákvörðun héraðsdóms um 4 ár eða úr 12 ára fangelsi niður í 8 ára fangelsi vegna þess að brotamaðurinn hafði orðið fyrir alvarlegu kynferðisbroti af hálfu brotapola sem olli þvítíkri reiði og ójafnvægi á geðsmunum, sem 4. töluliður 1. mgr. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga taka til. Einnig tók Hæstiréttur tillit til þess að brotamaðurinn sagði af sjálfsdáðum til brots síns og skýrði hreinskilningslega frá atvikum, sbr. 9. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Í H 121/2001 lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamannsins úr 14 ára fangelsi niður í 12 ára fangelsi. Ætla má að ástæða lækkunarinnar sé að brotapolu hafði áreitt brotamanninn og nokkurt ónæði hafi verið af honum. Í upphafi hafi það ekki verið ásetningur brotamanns að deyða brotapolu og af hegðun brotamanns fyrst eftir verknaðinn var ekki annað ráðið en hann hafi ekki viljað horfast í augu við það sem gerst hafði. Brotamaðurinn fór niður í bæ, eftir að brotpoli lést, og hélt áfram drykkju.

Aðrar ástæður lágu að baki lækkunar refsinga í öðrum málum. Í H 52/1977 lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamannsins úr 16 ára fangelsi niður í 12 ára fangelsi vegna ungs aldurs, en hann var rétt rúmlega 18 ára þegar brotið átti sér stað.

Í öðrum málum er ástæða lækkunar refsíákvæðana óljós. Í H 22/1987 lækkaði Hæstiréttur refsingu brotmannsins úr 17 ára fangelsi niður í 16 ára fangelsi. Telja má að Hæstarétti hafi ekki fundist ástæða vera til að nýta refsihækkunarheimild 79. gr.

¹² Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 257.

almennu hegningarlaganna í þessu máli. Það sama á eflaust við um í H 25/1991, en þar lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamannsins S úr 18 ára fangelsi niður í 16 ára fangelsi. Við refsíákvörðun brotamannsins G var refsihækkunarheimild 79. gr. nýtt en þó ekki að fullu, líkt og héraðsdómur hafði dæmt, heldur lækkaði Hæstiréttur refsingu G úr 20 ára fangelsi niður í 17 ára fangelsi.

Óljósar ástæður liggja einnig að baki lækkunar Hæstaréttar á refsíákvörðun í H 19/1962, en ekkert kemur fram í dómnum sem gefur til kynna hver ástæða lækkunarinnar geti verið heldur er einungis sagt að refsing sé hæfilega ákveðin 6 ár. Héraðsdómur hafði dæmt brotamann í 7 ára fangelsi. Mesta lækkun Hæstaréttar á tímabundnum refsíákvörðunum var í H 79/1960. Þá lækkaði Hæstiréttur refsingu brotamanns úr 16 ára fangelsi niður í 10 ára fangelsi. Eru ástæður lækkunarinnar eru ekki fyllilega ljósar. Mesta lækkun Hæstaréttar á refsíákvörðunum héraðsdóms er eflaust í H 461/1993. Erfitt er að meta hversu mikil lækkun Hæstaréttar á refsíákvörðun héraðsdóms í var í árum, eins og áður hefur verið nefnt, þar sem brotamaðurinn var dæmdur í ævilangt fangelsi í héraðsdómi fyrir manndráp og brot á skilyrðum reynslulausnar fyrir manndráp er hann framdi 10 árum áður. Hæstiréttur lækkaði það niður í 20 ára fangelsi. Hæstiréttur nefnir enga ástæðu fyrir lækkuninni, en ætla má að Hæstiréttur hafi ekki talið ástæðu til að nýta allan refsirammann í þessu máli, efri mörk refsiramma 211. gr. hegningarlaganna eru ævilangt fangelsi, og þess í stað dæmt honum tímabundna refsingu, þar sem refsíþyngingarákvæði 79. gr. hegningarlaganna var nýtt að fullu.

3.1.2 Hæstiréttur eykur við refsíákvörðun héraðsdóms

Líkt og áður hefur verið nefnt hefur Hæstiréttur í 13 málum aukið við refsingu brotamanns. Hæstiréttur jók refsingu brotamanna um 6 mánuði og upp í 4 ár. Ástæða þess að Hæstiréttur eykur refsíákvörðun er þó ekki alltaf ljós. Í H 55/1979 jók Hæstiréttur refsingu brotamanns um 6 mánuði, eða úr 5 ára fangelsi upp í 5 ára og 6 mánaða fangelsi, án þess að nefnd væri sérstök ástæða fyrir hækkuninni. Í H 119/1980 jók Hæstiréttur refsingu brotmanna um 1 ár eða úr 7 ára fangelsi upp í 8 ára fangelsi. Í þessu máli er ekki heldur að finna sérstaka ástæðu fyrir hækkuninni, enda kannski ekki þörf á sérstakri ástæðu vegna þess hve aukningin var lítil.

Í H 232/1992 jók Hæstiréttur refsingu brotamanns úr 4 ára fangelsi upp í 6 ára fangelsi. Ekki kemur fram nein sérstök ástæða fyrir þessari hækkun, en telja má að ástæða hennar sé fyrst og fremst sú að Hæstiréttur hafi ekki talið ástæðu til að fara

niður fyrir lægri mörk refsirammans við ákvörðun refsingar í þessu máli; lægri mörk refsiramma 211. gr. er 5 ára fangelsi, líkt og áður hefur komið fram. Það sama á eflaust við um H 217/1976 en þá dæmdi héraðsdómur brotamann til 4 ára fangelsisvistar. Hæstiréttur jók við refsinguna. Í dómnum segir að ekki verði talið að brotamaðurinn hafi framið brot sitt í neyðarvörn, en telja verði að brotþoli hafi átt upptökin að viðureign þeirra. Hins vegar var það metið brotamanni til refsihækkunar að hann beitti hættulegu vopni við framkvæmd brotsins. Því þótti Hæstarétti refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár og 6 mánuðir.

Í H 168/1984 jók Hæstiréttur refsingu brotamanns um 1 ár eða úr 13 ára fangelsi upp í 14 ára fangelsi. Telja má að ástæða hækkunarinnar sé sú að hann hafi í áheyrn vitna sagst ætla að drepa brotþola auk þess sem taka hans á hnífnum og sú sérstaka launung, sem hann viðhafði til að dylja vopnið er hann fór til brotþola, en þetta bendir til þess að hann hafi ætlað sér að svipta hann lífi. Í H 9/1977 jók Hæstiréttur refsingu brotamanns um 2 ár. Hann var í héraðsdómi dæmdur í 10 ára fangelsi, en Hæstiréttur dæmdi hann í 12 ára fangelsi. Þess má geta að í þessu máli var um samverknað að ræða. Samverkamaður hans var dæmdur í 8 ára fangelsi bæði í héraðsdómi og Hæstarétti. Hæstiréttur hefði þó eflaust dæmt honum hærri refsingu ef hann hefði verið fullra 18 ára á verknaðarstundu, því Hæstiréttur benti á að samkvæmt 2. tl. 74. gr. hefði ekki verið hægt að dæma honum þyngri refsingu sökum þess að hann var ekki fullra 18 ára á verknaðarstundu sem gefur þannig til kynna að ef hann hefði verið eldri þá hefði refsingin verið þyngri.

Árið 1988 komu þrjú manndrapsmál fyrir Hæstarétt: H 116/1988, H 181/1988 og H 250/1988. Athyglisvert er að í þeim öllum jók Hæstiréttur refsingu um 2 ár frá því sem héraðsdómur hafði dæmt. Í tveimur málanna voru brotamennirnir einir til frásagnar um málsatvik og báru báðir að brotþoli hefði með einhverjum hætti átt upptökin að átökum þeim sem leiddu til dauða brotþola. Ætla má að ástæða aukningar refsingarinnar liggi í því að ekki þótti sannað hvort brotamennirnir segðu satt til um atvik. Í H 116/1988 var brotamaðurinn dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir héraðsdómi, en Hæstiréttur jók við refsinguna og dæmdi brotamanninn í 12 ára fangelsi. Hæstiréttur sagði að ekki yrði ráðið af ummerkjum að brotþoli hafi gefið tilefni til þeirrar hrottafengnu atlögu, sem hann varð fyrir af hálfu brotamanns. Svipað á við um H 250/1988, en þar er refsing brotamanns hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi, en hann hafði verið dæmdur í 8 ára fangelsi af héraðsdómi. Hæstiréttur hafnaði ekki með öllu þeim framburði að brotþoli hafi átt upptökin að átökum þeirra, en lítur þó

til þess að brotamaðurinn bar engin merki átaka eftir atburðinn. Í H 181/1988 er ekki minnst sérstaklega á ástæður hækkunarinnar, en brotamaðurinn var dæmdur í 12 ára fangelsi í héraðsdómi, þegar Hæstiréttur dæmdi hann í 14 ára fangelsi.

Í öðrum málum koma fram ástæður Hæstaréttar á aukningu við refsíákvörðun. Í H 230/1984 jók Hæstiréttur refsingu brotamannsins um eitt ár. Héraðsdómur hafði dæmt brotamanninn til einungis 5 ára refsivistar, en Hæstiréttur dæmdi hann í 6 ára fangelsi. Ástæða hækkunarinnar var sú að héraðsdómur heimfærði brot hans undir 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, þ.e. líkamsárás sem veldur dauða, en ekki 211. gr. hegningarlaganna líkt og Hæstiréttur. Auk þess sem Hæstiréttur taldi að athæfi brotamannsins hefði verið svo stórháskalegt að þrátt fyrir að ekki þætti sannað að hann hefði fyrirfram tekið ákvörðun um að svipta brotþola lífi, þá hefði honum ekki átt að hafa dulist að yfirgnæfandi líkur væru á að athæfið myndi valda bana.

Í H 62/2001 jók Hæstiréttur refsingu brotamannsins um 2 ár, eða úr 14 upp í 16 ára fangelsi og bentu á máli sínu til stuðnings að brotamaðurinn ætti sér engar málsbætur og væri því refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár. Svipað á eflaust við í H 159/1957, en þá jók Hæstiréttur refsingu brotamannsins um 4 ár eða úr 12 ára fangelsi upp í 16 ára fangelsi, sem er mesta aukning Hæstaréttar á refsíákvörðun héraðsdóms. Brotamaðurinn hafði skipulagt að drepa fyrirverandi kærustu sína, og hafði hann fengið lánaðan riffil til að skjóta hana. Hæstiréttur nefnir ekki hvers vegna hann eykur refsingu brotamanns, heldur einungis að refsing sé hæfilega ákveðin 16 ára fangelsi. Sennilega sökum þess að hann átti sér engar málsbætur.

Í H 8/1998 jók Hæstiréttur refsingu brotamannsins Ó einnig um 4 ár. Héraðsdómur hafði dæmt Ó í 8 ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps, og samverkamann hans í 16 ára fangelsi fyrir manndráp. Hæstiréttur mat aturðarásina heildstætt og virti brot beggja brotamanna sem fullframin og dæmdi Ó í 12 ára fangelsi fyrir hlutdeild að manndrápi, en staðfesti dóm héraðsdóms um refsingu samverkamanns hans. Ástæðan fyrir þessum mun á refsingum var sú að Ó hafði ekki með háttalagi sínu orðið manni að bana líkt og samverkamaður hans, þar sem það skorti á að hið hlutræna efniskilyrði 211. gr. hegningarlaganna væri uppfyllt. Hæstiréttur taldi að 2. mgr. 22. gr. hegningarlaganna ætti ekki við, en féllst á það með héraðsdómi að Ó hefði ekki getað verið þess viss að brotþoli hefði verið látinn er hann ók yfir hann. Þótti refsing Ó því hæfilega ákveðin 12 ára fangelsi.¹³

¹³ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I* (1999), bls. 145.

4. Brotamennirnir

Hér verður litið til þess af hvaða kyni brotamennirnir eru og á hvaða aldri. Einnig verður skoðað hvaða áhrif kyn brotamanna og aldur þeirra hafa á lengd refsinga.

4.1 Kynferði brotamanna

Mikill meirihluti brotamanna voru karlmenn eða 34 af 38. Þetta er þó ekki óeðlilegt hlutfall, þar sem hlutfall kvenna af þeim sem hljóta refsingu er yfirleitt um 10% og í þessu tilfelli er hlutfall kvenna einmitt 10.5%.¹⁴ Meðalrefsing þeirra kvenna sem hafa verið fundnar sekar um manndráp af ásetningi er 9 ára og tæplega 5 mánaða fangelsi sem er fyrir þó nokkuð fyrir neðan meðalrefsingu fyrir manndráp af ásetningi, en meðalrefsing allra brotamanna fyrir brot á 211. gr. hegningarlaga er 12 ára og rúmlega 7 mánaða fangelsi. Meðalrefsing karlmannna sem fremja manndráp af ásettu ráði er aftur á móti rétt tæplega 13 ára fangelsi. Ekki skal þó draga of víðtækar ályktanir af þessu þar sem svo fáar konur hafa verið dæmdar fyrir manndráp af ásetningi.

Þegar mál þeirra kvenna sem hafa verið fundnar sekar um brot á 211. gr. hegningarlaga eru borin saman við mögulega sambærileg mál karlkyns brotamanna sést að kynferði brotamanna virðist ekki hafa afgerandi áhrif á þyngd refsinga.

Í H 121/2001 var kona dæmd í 12 ára fangelsi fyrir að kyrkja kunningja sinn. Sambærilegt mál gæti verið H 79/1960. Þar kyrkir brotamaður kunningjakonu sína. Hún bjó á elliheimili þar sem hún var starfsstúlka. Brotamaðurinn hafði brotist inn á elliheimilið þar sem hún bjó til að hafa samfarir við hana sem hann gerði og kyrkti hana svo eftir á. Brotamaðurinn var dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir verknaðinn. Munurinn á refsingu brotamanna í þessum tveimur málum er því ekki ýkja mikill. Athyglisvert er að konan fékk lengri dóm, en karlamaðurinn fyrir svipuð afbrot. Ekki er hægt að segja að kynferði brotamanna hafi haft afgerandi áhrif á þyngd refsingar. Ástæðu þessa munar á þyngd refsíákvarðana má mögulega rekja til þess að refsingar hafa þyngst með tímanum.

Í H 9/1982 var kona dæmd í 14 ára fangelsi fyrir að kveikja í eiginmanni sínum þegar hann svaf ölvunarsvefni. Í H 22/1986 fékk brotamaður 16 ára fangelsi fyrir að berja brotþola í höfuðið með járnút, stinga hann með skúfjárn og kveikja svo í honum. Ástæðan fyrir þessum mun á refsingum er eflaust ekki heldur vegna kyn-

¹⁴ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 110.

ferði brotamanna, heldur vegna þess að verknaðaraðferðin í H 22/1986 er mun hrottalegri og tengsl brotamanns og brotaþola minni en í H 9/1982. Farið verður í áhrif þessara atriða á þyngd refsinga síðar.

Í H 55/1979 var kona dæmd í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir að bana fyrrverandi eiginmanni í íbúð sinni með hnífsstungu, en hún hafði einungis ætlað að hræða brotaþola með hnífnum. Brotaþoli hafði misboðið og jafnvel misþyrmt henni í stormasömu hjónabandi þeirra. Svipað á við í H 232/1992 þegar stúlka var dæmd í 6 ára fangelsi fyrir að stinga sambýlismann og barnsföður sinn til bana, en hún hafði einungis ætlað að hræða hann. Málsatvik voru þannig að hún kom heim eftir að hafa verið úti á lífinu. Hann var með partí heima hjá þeim og hafði neytt fíkniefna, þrátt fyrir að annað barna þeirra væri vakandi. Hún reyndi því ítrekað að senda partígestina burt, en hann neitaði og sagði gestunum að fara hvergi því þeir væru hans gestir og þyrftu því einungis að hlýða honum. Hún reyndi þá að fá lögregluna til liðs við sig til að koma fólkinu út en lögreglan mátti ekki vera að því. Hún nær þá í hníf til að hræða hann, en hann hlær bara að henni svo hún stingur hann þá í æðiskasti í hjartastað með þeim afleiðingum að hann lætur lífið.

H 217/1976 er mögulega sambærilegt ofangreindum tveim málum. Í því máli var 18 ára strákur dæmdur í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir að stinga drykkjufélaga sinn til bana eftir að þeir höfðu tekist á vegna þess að brotaþoli hafði stolið bankabók stráksins. Strákurinn var gripinn ofsahræðslu og náði í hníf. Þeir lenda svo í ryskingum sem verða til þess að strákurinn stingur brotaþola til bana.

Ég tel að ofangreind þrjú mál séu lík vegna þess að brotamennirnir í þessum málum ætluðu ekki að svipta brotaþola lífi, þeir voru minni máttar og stungu brotaþola til bana í ákafri geðshræringu. Í þessum málum sést einnig að kynferði brotamanna virðist ekki hafa afgerandi áhrif á þyngd refsinga því brotamennirnir í þessum málum fengu mjög svipaðar refsingar.

Það eru þó eflaust einhverjir sem halda því fram að dómstólar dæmi konum lægri dóma vegna kynferðis þeirra og líkja þessum málum við H 150/1958 eða H 3/1968. Í þeim málum voru brotamennirnir karlmenn sem stungu eiginkonu eða fyrrverandi eiginkonu sína til bana og voru dæmdir í 16 ára fangelsi fyrir vikið. Ég tel þessi mál ekki sambærileg við H 55/1979 og H 232/1992, þó svo að brotamennirnir í H 150/1958 eða H 3/1968 hafi svipt brotaþola lífi í ákafri geðshræringu, þá voru brotamennirnir ekki minni máttar. Einnig má nefna að ásetningsstig í þessum málum er eflaust hærra vegna þess að þeir höfðu hnífinn, sem þeir notuðu til


að svipta brotaþola lífi, meðferðis áður en til átaka kom á milli þeirra og brotaþola, en náðu ekki í hann til að hræða brotaþola líkt og í H 55/1979 og H232/1992.

Samkvæmt áðurnefndu er því ekki hægt að segja að kynferði brotamanna hafi afgerandi áhrif á þyngd refsinga, þó svo að meðalrefsing kvenkyns brotamanna sé þó nokkuð lægri en meðalrefsing karlkyns brotamanna. Því að í sambærilegum málum virðast brotamenn fá sambærilegar refsingar sama af hvoru kyninu þeir eru.

4.2 Aldursdreifing brotamanna

Aldur brotamanna var á bilinu frá 15 ára og upp í 52 ára. Flestir brotamenn voru á aldrinum frá 25 ára til 29 ára. Athygli vekur að meirihluti brotamanna eða 60% voru undir þrítugu þegar brotið átti sér stað, eins og sjá má á mynd 4.1.

Mynd 4.1 Aldursdreifing brotamanna



Meðalaldur brotamanna er 29 ára og miðgildið 27 ára. Þetta er mjög svipað milli kynjanna. Meðalaldur karlkyns brotamanna er 29 ára og miðgildið liggur á milli 27 og 28 ára, en meðalaldur kvenkyns brotamanna er 28 ára og miðgildið liggur á milli 26 og 27 ára.

4.2.1 Meðalrefsing brotamanna miðað við aldur

Meðalrefsing er mismunandi á milli aldurshópa eins og sjá má á mynd 4.2. Meðalrefsing er lægst í yngsta aldurshópnum en meðalrefsing brotamanna á aldrinum 15 til 19 ára er tæplega 8 ára fangelsi, sem er langt undir meðalrefsingu fyrir brot gegn 211. gr., en refsíakvarðanir í þessum hópi liggja á bilinu frá 4 ára og til 12 ára refsivistar, 7 brotamannanna voru á þessum aldri. Helsta ástæðan fyrir því að meðalrefsing þessa aldurshóps er svona lág er sú að samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 74. gr. hegningar-

laganna má aldrei dæma mönnum sem á verknaðarstundu voru ekki fullra 18 ára þyngri refsingu en 8 ára fangelsi. Auk þess sem heimilt er meðal annars að taka tillit til aldurs brotamanns við ákvörðun refsingar samanber 4. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Það er því eðlilegt að meðalrefsing þessa aldurshóps sé þó nokkuð undir meðaltalinu. Þess má geta að enginn brotamanna á þessu aldursbili fékk lengri dóm en 12 ára fangelsi.

Tveir brotamannanna voru undir 18 ára aldri þegar brot átti sér stað og voru þeir dæmdir til 4 ára og 8 ára refsivistar, sbr. H 62/1987 og H 9/1977. Brotamaðurinn í H 62/1987 var einungis 15 ára á verknaðarstundu og átti ungur aldur hans eflaust stóran þátt í því hversu lágan dóm hann fékk. Hann fékk 4 ára skilorðsbundinn dóm sem er eins og áður hefur verið nefnt eini dómurinn í manndrápsmáli þar sem refsing hefur verið skilorðsbundin að fullu. Auk þess er þetta einnig eini dómurinn á tímabilinu frá 1955-2005 þar sem Hæstiréttur dæmir brotamanni lægri refsingu en lægri mörk refsiramma 211. gr. hegningarlaga segja til um. Í H 9/1977 var brotamaðurinn 17 ára eða rétt tæplega 18 ára því það vantaði ekki nema 2 mánuði upp á að hann væri fullra 18 ára á verknaðarstundu. Ákærði var dæmdur til 8 ára refsivistar, samkvæmt lögum má eins og áður hefur verið nefnt ekki dæma mönnum sem ekki eru fullra 18 ára á verknaðarstundu þyngri refsingu en 8 ára fangelsi. Af orðum Hæstaréttar má ætla að ef brotamaðurinn hefði verið fullra 18 ára á verknaðarstundu þá hefði hann fengið lengri dóm. Þess má geta að Hæstiréttur dæmdi samverkamann hans sem var einungis 3 mánuðum eldri í 12 ára fangelsi, þar sem hann var orðinn 18 ára á verknaðarstundu.

Athyglisvert er að velja því fyrir sér hvort sá brotamannanna, sem orðinn var fullra 18 ára á verknaðarstundu, hefði fengið lengri dóm ef hann hefði verið einn að verki. Því ekki er óvarlegt að draga þá ályktun að sá brotamannanna sem orðinn var fullra 18 ára á verknaðarstundu hafi notið þess við refsíákvörðun að óheimilt var að dæma samverkamanni hans, sem ekki hafði náð 18 ára aldri á verknaðarstundu, lengri refsingu en 8 ára fangelsi.¹⁵ En telja má að dómurum bæði héraðsdóms og Hæstaréttar hafi þótt óréttlátt að hann skyldi sæta mun þyngri refsingu en samverkamaður hans fyrir það eitt að vera rétt orðinn 18 ára á verknaðarstundu, en þess má geta að það munaði einungis þremur mánuðum á brotamönnunum í aldri. Því má ætla að sá brotamannanna sem orðinn var 18 ára hafi fengið lægri dóm vegna þess

¹⁵ Ragnheiður Harðardóttir, einkasamskipti, 24. apríl 2006.

að samverkamaður hans, sem var ekki nema 3 mánuðum yngri, fékk einungis 8 ára dóm sökum ungs aldurs. En 12 ára fangelsi liggur mitt á milli 8 ára fangelsis, sem er hámarksrefsing fyrir brotamenn sem ekki hafa náð 18 ára aldri á verknaðarstundu og 16 ára fangelsis sem er hámark tímabundinna refsinga ef refsihækkunarákvæði 79. gr. á ekki við. Það er því líklegt að dómaraar hafi farið millivegin í þessu máli til að refsingar beggja brotamanna væru ekki of ólíkar. Það gæti þó einnig verið að litið hafi verið til 2. tl. 1. mgr. 74. gr. hegningarlaganna og ákvæðið túlkað á þann hátt að ungir sakamenn, sem þó hefðu náð 18 ára aldri á verknaðarstundu, skyldu ekki fá þyngri refsingu en 12 ára fangelsi. Þessi refsíákvörðun gæti því verið til þess fallin að minnka bilið á milli refsinga þeirra sem ekki eru 18 ára á verknaðarstundu og þeirra sem eru fullra 18 ára á verknaðarstundu, því það er mikill munur á 8 ára og 16 ára fangelsi, og því kannski ósanngjarnt að svo mikill munur sé á refsingum þegar lítill munur er á aldri brotamanna.

Hvort sem ástæða þessarar refsíákvörðunar verður rakin til 2. tl. 1. mgr. 74. gr. hegningarlaganna eða til þess að samverkamaður hans fékk mun lægri dóm, þá virðist þessi refsíákvörðun hafa skapað fordæmi, því í H 52/1977 var brotamaðurinn 18 ára og fékk 12 ára dóm, þrátt fyrir að héraðsdómur hafi dæmt hann í 16 ára fangelsi. Hins vegar má ætla að ef brotamennirnir hefðu verið eldri þá hefðu þeir fengið ótvírætt fengið lengri dóma, þar sem þessi morð voru bæði að yfirlögðu ráði og einstaklega hrottafengin.

H 9/1977 Brotamennirnir voru í bíl með brotaþola þegar þeir ákveða að ræna hann, þeir berja hann því í höfuðið með flösku, draga hann út úr bílnum og berja hann. Þeir ná svo peningum af brotaþola og koma honum fyrir í afturrými bílsins og aka af stað, en ákveða svo að drepa hann, nema því staðar, taka brotaþola út, berja hann til bana og skilja hann síðan eftir út í skurði.

H 52/1977 Brotamaður hafði einlægan drápsvilja, en hann hafði lengi langað til að drepa mann. Hann braust því inn í skotvopnaverslun, til að verða sér úti um vopn og prufaði nokkrar byssur, valdi sér ríffil, tók nokkra pakka af skotum og pening úr peningakassanum og hélt á brott. Á heimleið mætti hann tveimur drengjum og miðaði byssunni á þá með það í huga að skjóta þá, hætti svo við. Mætti svo brotaþola, gekk í veg fyrir hann, miðaði á hann byssunni og sagði honum að stöðva. Þeir ræddu saman og í framhaldinu lagði hann niður byssuna og ræddi frekar við hann, skipti svo um skoðun og skaut manninn í andlitið.

Brotapoli dó ekki samstundis svo brotamaðurinn barði hann þá í bakið með byssuskeftinu, þeir lentu því næst í stypingum þar sem brotamaður barði brotapola ítrekað í andlitið, náði svo í riffilinn og skaut brotapola a.m.k. tvisvar í hnakkann með þeim afleiðingum að hann lét lífið. Hann tindi þá upp patrónurnar, gróf riffilinn og skotin og hélt heim á leið, þar sem hann þvoði sér og þreif skóna sína, og faldi buxurnar sínar. Daginn eftir fór hann á morðstað og reyndi að villa um fyrir lögreglu. Hann reyndi því eftir fremsta megni að leyndu því sem gerst hafði og virtist ekki sjá eftir neinu.

Í öðrum málum ungra brotamanna fengu brotmenn mun lægri dóma. Í H 217/1976 var brotamaðurinn 18 ára og var dæmdur í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir að stinga vinnufélaga sinn til bana, eftir að þeir höfðu lent í átökum vegna þess að brotapoli ætlaði að stela bankabók brotamanns. Litið var til ungs aldurs brotamanns við ákvörðun refsingar. Í H 119/1980 var brotamaðurinn 19 ára gamall og var dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir að kyrkja fyrrverandi unnustu sína með trollgarni. Í H 232/1992 var brotamaðurinn einnig 19 ára gömul og fékk 6 ára dóm fyrir að stinga sambýlismann og barnsföður sinn til bana. Konan hafði einungis ætlað að hræða hann. Það er þó ekki endilega hægt að segja að hún hafi fengið lægri dóm vegna ungs aldurs þar sem brotamaðurinn í H 55/1979 fékk svipaðan dóm. Aðstæður voru svipaðar, í báðum tilfellum var ætlunin einungis að hræða brotapola, en hann var stunginn til bana í ákafri geðshræringu. Brotamaðurinn í H 55/1979 var 26 ára og fékk 5 ára og 6 mánaða dóm. Það getur þó spilað inn í að refsingar hafa farið hækkandi. Þrátt fyrir þetta verður af dómaframkvæmd klárlega ráðið að ungur aldur ákærðra hefur horft þeim til málsbóta við refsiakvörðun.¹⁶

Yngsti aldurshópurinn er sá eini sem sker sig virkilega úr hvað varðar meðalrefsingu; meðalrefsing elsta aldurshópsins er þó einnig lægri en meðalrefsing allra brotamannanna, en er þó eflaust ekki marktæk þar sem einungis einn brotamannanna tilheyrir þeim aldurshópi. Brotamaðurinn var 52 ára og fékk 10 ára dóm í H 250/1988 fyrir að kyrkja eiginkonu sína með köðlum úr dyrahengi, en brotamaðurinn hélt því fram að hún hefði átt upptökin að átökunum. Það var þó litið til þess að brotamaðurinn bar engin merki átaka eftir atburðinn.

Það hefði verið áhugavert að sjá hvað refsingu eldri brotamaður fengi fyrir manndráp, þar sem hár aldur gæti orðið til málsbóta.¹⁷ Ekki er hægt að segja að


¹⁶ Ragnheiður Harðardóttir, tölvupóstur, 24. apríl 2006.

¹⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 256.

aldur brotamannsins í H 250/1988 hafi haft afgerandi áhrif á lengd refsingar, því 52 ára aldur telst varla hár aldur. Það sem olli því eflaust að refsing hans er svo lág sem raun ber vitni má eflaust frekar rekja til tengsla brotamanns við brotaþola eða þeirrar verknaðaraðferðar sem notuð var til að svipta brotaþola lífi. Komið verður að því síðar hvaða áhrif tengsl brotamanns og brotaþola og verknaðaraðferð hafa á þyngd refsinga.

Þessir aldurshópar eru þeir einu þar sem meðalrefsing aldurshóps er þó nokkuð undir almennri meðalrefsingu fyrir brot gegn 211 gr. hegningarlöganna, eins og sjá má á mynd 4.2. Það er þó ekki óeðlilegt að meðalrefsing þessara aldurshópa sé ívið lægri en meðalrefsing annarra aldurshópa. Ekki þó einungis vegna áðurnefndra ástæðna, heldur einnig vegna þess að ef brotamaðurinn er fullorðinn, þ.e. hvorki ungur né gamall, og telst heilbrigður, þá eru minni líkur á að litið sé til einstaklingsbundinna sjónarmiða í ljósi sérstakra varnaðarsjónarmiða eða félagslegrar endurreisnar.¹⁸ Þetta getur því einnig átt sinn þátt í því hve refsing annarra brotamanna er mikið hærrí en refsing þessa tveggja aldurshópa.

Mynd 4.2 Meðalrefsing brotamanna miðað við aldur



Meðalrefsing brotamanna á aldrinum frá 35 til 39 ára liggur aðeins fyrir ofan meðalrefsingu allra brotamannanna. Meðalrefsing þess aldurshóps er 12 ára og 8 mánaða fangelsi. Refsiákvarðanir þessa aldurshóps liggja frá 6 ára fangelsi og upp í 20 ára fangelsi, þannig að refsiákvarðanir eru mjög dreifðar innan þessa aldurshóps.

¹⁸ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 253-254.

Brotamenn á þessum aldri voru sex. Tveir brotamannanna í þessum aldurshóp voru dæmdir í 6 ára fangelsi. Í H 19/1962 var brotamaður dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að misþyrma eiginkonu sinni svo að hún beið bana. Í H 230/1984 var brotamaður dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að kyrkja unnustu sín með trefli. Í H 461/1993 dæmdi Hæstiréttur brotamann í 20 ára fangelsi fyrir að fremja manndráp í annað sinn, auk þess sem hann rauf skilyrði reynslulausnar sem hann hafði hlotið eftir fyrra brotið. Aðrir brotamenn á þessum aldri fengu 12 eða 16 ára fangelsi, einn brotamannanna fékk 12 ára fangelsi í H 121/2001 fyrir að kyrkja drykkjufélaga sinn, en hinir tveir 16 ára fangelsi, í H 3/1968 fyrir að stinga fyrrverandi eiginkonu sína til bana og í H 31/1980 fyrir að stinga nágranna sinn til bana.

Meðalrefsing brotamanna í aldurshópnum frá 25 til 29 ára er 12 ára og tæplega 9 mánaða fangelsi og er því aðeins hærrí en meðalrefsing allra brotamanna. Refsiákvarðanir þessa aldurshóps eru mjög dreifðar. Þær liggja á bilinu frá 5 ára og 6 mánaða refsivistar til 17 ára refsivistar. Níu brotamannanna voru á þessum aldri. Í H 55/1979 var kona dæmd í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir að stinga fyrrverandi eiginmann sinn til bana. Í H 25/1991 var 28 ára karlmaður dæmdur í 17 ára fangelsi fyrir að drepa, ásamt félaganum sínum, starfsmann bensínstöðvar sem þeir rændu. Aðrar refsíakvarðanir þessa aldurshóps lágu á bilinu 12 til 16 ára fangelsis. Tveir brotamannanna í þessum aldurshóp fengu 12 ára dóm, annar í H 116/1988 fyrir að bana manni í herbergi sínu með því að herða hálsbindi svo að hálsi hans að hann kafnaði og hinn í H 8/1998 fyrir að hafa átt hlutdeild í manndrápi. Tveir fengu svo 14 ára dóm, annar í H 9/1982, en þá fékk kona 14 ára dóm fyrir að kveikja í eiginmanni sínum þegar hann svaf ölvunarsvefni og í H 168/1984 var maður dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir að stinga manni til bana. Tveir fengu 16 ára dóm, annar í H 159/1957 fyrir að skjóta fyrrverandi kærustu sína til bana með riffli og í hinn í H 8/1998 fyrir að bana manni með því að láta 13 kílóa stein falla tvívegis á höfuð hans.

Meðalrefsing annarra aldurshópa er ívið hærrí en meðalrefsing allra brotamanna, sem brutu gegn 211. gr. á tímabilinu frá 1955-2005. Meðalrefsing brotamanna á aldrinum frá 20 til 24 ára er 14 ára og tæplega 7 mánaða fangelsi og lágu refsingar þessa hóps á milli 10 og 18 ára refsivistar. Sjö brotamannanna voru á þessum aldri. Í H 79/1960 var 23 ára karlmaður dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir að kyrkja kunningjakonu sína. Í H 24/2001 var 21 árs karlmaður dæmdur í 18 ára fangelsi fyrir að hafa nauðgað fyrrverandi kærustu sinni, stungið vinkonu hennar til bana og fyrir líkamsárás gegn kærasta vinkonunnar, dæmt var í einu lagi fyrir öll brotin. Þrír brotamann-

anna á þessum aldri voru dæmdir í 14 ára fangelsi. Í H 79/1978 var brotamaður dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir að skjóta fyrrverandi unnustu sína, í H 181/1988 og H 79/1989 voru brotamennirnir dæmdir í 14 ára fangelsi fyrir að stinga brotþola til bana. Tveir brotamannanna í þessum aldurshóp voru dæmdir í 16 ára fangelsi, í H 22/1986 fyrir að bana manni, sem hann ætlaði með í partí og í H 62/2001 fyrir að drepa stúlku með því að henda henni fram af svölum.

Meðalrefsing brotamanna á aldrinum frá 40 til 44 ára er svipuð meðalrefsingu brotamanna á aldrinum frá 20 til 24 ára. Meðalrefsing þessa aldurshóps er 14 ára og 3 mánaða fangelsi. brotamenn á þessum aldri voru 4, 3 brotamannanna voru dæmir til 16 ára refsivistar. Í H 194/1977 fyrir að berja konu til bana eftir að hún stóð hann að verki við innbrot, í H 45/2000 fyrir að stinga kunningja sinn til bana og í H 167/983 fyrir að skjóta franska ferðakonu með haglabyssu í bak, háls og hnakka og loka hana síðan í farangurgeymslu bifreiðar sinnar, sem varð til þess að hún beið bana.¹⁹ Einn brotamannanna í þessum aldurshóp var svo dæmdur í 9 ára fangelsi fyrir að skjóta vin sinn til bana með haglabyssu.

Meðalrefsing brotamanna frá 30 til 34 ára og 45 til 49 ára var 16 ár þar sem allir brotamannanna fengu 16 ár. Aðeins voru tveir brotamenn í hvorum aldurshóp. Í H 150/1958 var brotamaður 32 ára og var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að stinga unnustu sína til bana. Í H 141/2005 fékk brotamaður, sem var 45 ára, 16 ára dóm fyrir að bana fyrrverandi sambýliskonu sinni.

Í H 25/1991 var brotamaður 34 ára og var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að bana fyrrverandi samstarfsmanni sínum þegar hann og samverkamaður hans rændu bensínstöð þar sem brotþoli vann. Í H 71/1969 var einnig um að ræða morð á fyrrverandi samstarfsmanni. Þá var 46 ára karlamaður var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að skjóta fyrrverandi samstarfsmann sinn.


¹⁹ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsiaþbyrgð II* (2002), bls. 85.

5. Brotáþolar

Brotáþolar brota gegn 211. gr. almennu hegningarlaganna nr. 19/1940 sem farið hafa fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955 til 2005 eru eftir bestu vitund 35 talsins. Meirihluti brotáþola eða 20 af 35 brotáþolum voru karlmenn sem jafngildir um 57% brotáþola sem gefur okkur að 43% brotáþola voru konur eða 15 af 35.

Það virðist mismunandi eftir tímabilum af hvoru kyninu brotáþolar voru eins og sjá má á mynd 5.1. Á tímabilinu frá 1955-1965 fóru fjögur manndrápsmál fyrir Hæstarétt og voru brotáþolar í þeim málum allir kvenkyns. Á milli 1966-1975 voru manndrápsmálin fjögur og voru þrjú brotáþola karlmenn. Á tímabilinu 1976-1985 voru konur brotáþolar í 5 af 14 tilvikum. Frá 1986-1995 komu sjö manndrápsmál fyrir Hæstarétt og voru brotáþolar í fimm málum karlmenn. Á tímabilinu frá 1996-2005 er hlutfallið milli kynja brotáþola jafnt, en þrjú brotáþola voru konur og þrjú voru karlmenn.

Mynd 5.1 Kynferði brotáþola eftir tímabilum




Þess má svo geta að þegar lítið er til tengsla brotamanna og brotáþola að þá voru tengsl brotáþola og brotamanna mismunandi eftir því af hvoru kyninu brotáþolar voru. Karlkyns brotáþolar verða frekar fórnarlömb brotamanna sem þeir þekkja lítið. Einungis rúmlega helmingur karlkyns brotáþola höfðu þekkt brotamann sinn lengur en sólarhring, en tveir þriðju eða 67% kvenkyns brotáþola höfðu mikil tengsl við brotamenn sína. Það má því segja að mun líklegra sé að konur verði fórnarlömb karlmanna sem þær eru í miklum tengslum við.²⁰

²⁰ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 111.

6. Tengsl brotþola og brotamanns

Tengsl brotamanns og brotþola eru mismikil í hverju máli eins og sjá má á mynd 6.1. Í þriðjungi tilvika voru brotþolar maki eða fyrrverandi maki brotamanns. Í þriðjungi tilvika voru svo lítil eða engin tengsl á milli brotþola og brotamanns, það er brotþoli og brotamaður höfðu þekkt í innan við sólarhring. Brotþolar sem voru sviptir lífi í kjölfar ráns falla einnig undir þetta þar sem þeir þekktu fæstir brotamanninn. Einungis í einu máli þekkti brotþoli, sem sviptur var lífi í kjölfar ráns, brotamann að því er vitað er. Í því máli var um samverknað að ræða, en annar brotamaðurinn var fyrrverandi samstarfsmaður brotþola, farið verður nánar út í það síðar. Þriðjungur brotþola hafði svo önnur tengsl við brotamann, þ.e. var vinur eða kunningi brotamanns, fyrrverandi samstarfsmaður brotamanns eða brotþoli var tengdur fyrrverandi maka brotamanns.


Mynd 6.1 Tengsl brotþola og brotamanns



Af þeim sjö brotþolum sem voru makar brotamanna þá voru þrír þeirra giftir brotamanninum, og fjórir voru trúlofaðir eða í sambúð með brotamanninum. Af þeim fimm brotþolum, sem voru fyrrverandi makar brotamanns, þá höfðu tveir verið giftir brotamanninum og þrír höfðu verið í sambandi eða sambúð með brotamanninum. Tveir brotþola voru tengdir fyrrverandi maka brotamanns, annar var vinkona fyrrverandi maka brotamanns, en hinn var fyrrverandi kærasti fyrrverandi kærustu brotamanns. Átta brotþola voru vinir eða kunningjar brotamanns. Tengsl annarra brotþola við brotamennina voru minni. Einn brotþola var fyrrum samstarfsmaður brotamanns. Tengsl annarra brotþola við brotamennina voru lítil eða engin, fjórir þeirra voru myrtir í kjölfar ráns.

Að vísu virðist vera breytilegt eftir tímabilum hversu mikil tengsl eru á milli brotamanns og brotaþola, eins og sjá má á mynd 6.2. Á tímabilinu frá 1956-1965 voru fjögur manndráp framin og voru tengsl brotamanna við brotaþola mikil í öllum málum. Tveir brotaþola voru makar brotamanns, einn var fyrrverandi maki brotamanns og einn var vinur eða kunningi brotamanns. Svipað á við um þau fjögur manndráp sem framin voru á tímabilinu frá 1966-1975. Einn brotaþola fyrrverandi maki brotamanns, tveir voru vinir eða kunningjar brotamanns og einn var fyrrverandi samstarfsmaður brotamanns sem taldi sig eiga harma að hefna því hann taldi það vera sök brotaþola að honum var vikið úr starfi (sjá H 71/1969).

Mynd 6.2 Tengsl brotaþola og brotamanns eftir tímabilum



Mikil fjölgun verður á manndrápum frá 1976-1985. Alls fóru 14 manndrápsmál þá fyrir Hæstarétt. Tengsl brotamanna og brotaþola voru mun minni í þeim málum. Þrír brotaþola voru makar brotamanns, tveir voru fyrrverandi makar brotamanns, og þrír voru vinir eða kunningjar brotamanns, en aðrir brotaþolar þekktu brotmanninn lítið eða ekkert, tveir brotaþolar voru myrtir í tengslum við rán. Þannig að í nær helmingi manndrápa á þessu tímabili voru tengsl brotamanns og brotaþola lítil eða engin.

Á tímabilinu frá 1986-1995 fóru sjö manndrápsmál fyrir Hæstarétt. Í þessum sjö málum voru brotaþolar í tveim tilvikum makar brotamanns, en einn brotaþola tengdur fyrrverandi maka brotamanns og einn var vinur brotamanns. Í hinum þremur voru tengslin lítil eða engin, en einn brotaþola var myrtur í kjölfar ráns.


Á tímabilinu frá 1996-2005 komu sex manndrápsmál fyrir Hæstarétt og voru tengsl brotamanns og brotaþola ekki ósvipuð og á fyrra tímabili, 1986-1995. Einn brotaþola var fyrrverandi maki brotamanns, annar var tengdur fyrrverandi maka brotamanns, og einn var vinur brotamanns. Þrír brotaþola eða helmingur þeirra þekktu brotamanninn lítið eða ekkert, en einn þeirra var myrtur í kjölfar ráns. Tæplega fóru þó öll manndrápsmál fyrir Hæstarétt á þessu tímabili því eins og áður hefur verið nefnt þá tóku ný lög, um meðferð opinberra mála, gildi þann 1. júlí 1992. Eftir þann tíma var ekki öllum manndrápsmálum áfrýjað til Hæstaréttar, sex manndráp sem voru framin á þessu tímabili fóru fyrir héraðsdóm en var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.²¹

Af þessu má sjá að manndráp þar sem lítil eða enging tengsl voru á milli brotamanns og brotaþola og þar með talið manndráp í kjölfar ráns virðast færast í aukana frá einu tímabili til annars. Tengsl brotamanns og brotaþola voru mjög mikil í manndrápsmálum á milli 1956 og 1975 þar sem flestir brotaþola voru makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar brotamanns og í einu tilviki fyrrverandi samstarfsmaður brotamanns. Eftir 1975 eru tengsl brotamanns og brotaþola mun minni í mörgum tilvikum og eru lítil eða engin í nær helmingi tilvika.

6.1 Meðalrefsing miðað við tengsl milli brotamanns og brotaþola

Þegar meðalrefsing brotamanna er reiknuð út frá því hvaða tengsl voru á milli brotamanns og brotaþola þá sést að þó nokkur munur er á meðalrefsingu brotamanna eftir því hver tengslin voru, eins og sést á mynd 6.3.

Mynd 6.3 Meðalrefsing brotamanna miðað við tengsl brotaþola og brotamanns



²¹ Skrá ríkissaksóknara yfir brot gegn lífi og líkama frá 1. júlí 1992.

Á mynd 6.3. sést að tengsl brotamanns og brotþola virðast hafa þó nokkur áhrif á refsingu brotamanna. Refsingin virðist vera un lægri að meðaltali eftir því sem tengslin eru meiri á milli brotamanns og brotþola. Þess má því geta að í mörgum tilfellum eru afbrot litin mildari augum ef þau bitna á nánum vandamanni brotamanns.²² Þess er ekki getið sérstaklega hvort þetta eigi við í manndrápsmálum en svo virðist vera ef litið er til meðalrefsingar brotamanna út frá tengslum brotamanna og brotþola, því refsingar fyrir manndráp virðast almennt séð vera vægari eftir því sem nánari tengsl eru á milli brotamanns og brotþola.²³

6.1.1 Brotþoli tengdur fyrrverandi maka brotamanns

Hæsta meðalrefsingin er 19 ára fangelsi þar sem brotþoli var tengdur fyrrverandi maka brotamanns. Sú meðalrefsing er þó eflaust ekki marktæk þar sem aðeins í tveimur málum voru tengsl brotamanna og brotþola með þessum hætti, en það var í H 461/1993 og H 24/2001.

Brotamennirnir í þessum tveim málum voru dæmdir til hæstu refsinga sem Hæstiréttur dæmdi brotamönnum sem brutu gegn 211. gr. frá 1955-2005. Í H 24/2001 var brotamaðurinn dæmdur í 18 ára fangelsi, en hann var dæmdur í einu lagi fyrir fleiri en eitt brot. Hann var dæmdur fyrir að hafa nauðgað fyrrverandi kærustu sinni, stungið vinkonu hennar til bana og fyrir líkamsárás gegn kærasta vinkonunnar. Í H 461/1993 var brotamaðurinn dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að stinga fyrrverandi kærasta fyrrverandi kærustu sinnar til bana. Það sem olli því svo að brotamaðurinn fékk svo langan dóm var að hann hafði áður framið morð og braut með þessu gegn skilyrðum reynslulausnar þess.

Ekki er hægt að segja að tengsl brotþola og brotamanns hafi haft afgerandi áhrif á þyngd refsinga í þessum málum, þar sem í báðum málum er einnig verið að dæma refsingu fyrir önnur afbrot, svo sem brot á skilyrðum reynslulausnar eða fyrir aðrar meiriháttar líkamsmeiðingar.

6.1.2 Brotþoli fyrrverandi samstarfsmaður brotamanns

Næsthæsta meðalrefsing miðað við tengsl brotamanns og brotþola er 16 ár. Í því tilfalli var brotþoli fyrrum samstarfsmaður brotamanns, en tengsl milli brotþola og brotamanns voru með þessum hætti í einu máli, H 71/1969. Jafnvel mætti segja

²² Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992) bls. 268.

²³ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 134.

að tengsl milli brotamanns og brotþola hafi einnig verið með þessum hætti í öðru máli. Í H 25/1991 var annar brotamannanna fyrrverandi samstarfsmaður brotþola, en brotþoli var sviptur lífi í kjölfar ráns og er því flokkað sem manndráp í kjölfar ráns. Þrátt fyrir að þetta mál eigi í raun við í báðum tilfellum, hvort sem verið er að tala um fyrrverandi samstarfsmenn eða í tengslum við rán. Þó þetta mál sé einnig tekið með í reikninginn hér þá skekkir það ekki niðurstöðuna þar sem brotamaðurinn fékk einnig 16 ára fangelsisdóm. Þessi niðurstaða er þó eflaust ekki marktæk, þar sem svo fáir brotamannanna höfðu þessi tengsl við brotþola. Auk þess sem bæði morðin voru framin með fremur hrottalegum hætti sem hefur einnig áhrif á refsihæðina svo ekki er ljóst hvort þessi tengsl brotamanna og brotþola hafi afgerandi áhrif á þyngd refsinga.

6.1.3 Brotþoli þekkti brotamann lítið eða ekkert

Brotþolar og brotamenn í þessum málum höfðu ekki þekkt lengur en sólarhring þegar brotið átti sér stað. Í fimm málum kynntust brotþoli og brotamaður við drykkju á skemmtistað og fóru saman heim, í þremur tilfellum til að halda áfram drykkju, sem endaði svo með manndrápi, í hinum tveimur var það til að stunda kynlíf sem lauk með því að brotþoli var sviptur lífi eftir að hafa viljað hætta samförum.

Í þremur málum (H 52/1977, H 167/1983 og H 62/1987) voru kynni brotþola og brotamanns jafnvel enn þá minni. Í H 52/1977 þekktust brotamaður og brotþoli ekki meira en svo að brotamaður ræddi aðeins við brotþola áður en hann skaut hann. Í H 167/1983 voru kynni brotþola og brotamanns einungis með þeim hætti að brotamaður hafði tekið brotþola og systur hans upp í og keyrt systurnar að skýli, þar sem þær ætluðu að gista. Í H 62/1987 lenti brotamanni og brotþola saman fyrir utan skemmtistað og var brotþoli stunginn til bana. Þessir brotmenn fengu þó ekki hærri dóma en aðrir brotamenn sem þekktu brotþola lítið eða ekkert, líkt og ætla mætti í samræmi við það að refsingar eru að jafnaði hærri eftir því sem tengsl brotamanna og brotþola eru minni. Í bæði H 52/1977 og H 62/1987 fengu brotamennirnir lága dóma sökum ungs aldurs, í H 52/1977 var brotamaðurinn dæmdur í 12 ára fangelsi, en hann var rétt orðinn fullra 18 ára á verknaðarstundu, en brotamaðurinn í H 62/1987 fékk einungis 4 ára skilorðsbundinn dóm en hann var einungis 15 ára á verknaðarstundu auk þess sem það var metið honum til málsbóta að brotþoli hafði ítrekað veist að honum. Í H 167/1983 var brotamaðurinn dæmdur

í 16 ára fangelsi, en hann átti sér engar málsbætur fyrir verknaðinn sem var fremur hrottafenginn.

Brotamenn sem þekktu brotaþola lítið eða ekkert fengu að meðaltali 12 ára og 3 mánaða fangelsisdóm sem er aðeins undir meðalrefsingu. Áðurnefnd tvö mál H 52/1977 og H 62/1987 eiga eflaust þó nokkurn þátt í því að lækka meðalrefsingu brotamanna sem höfðu lítil eða engin tengsl við brotaþola. Einnig fengu brotamennirnir í H 92/1982 og H 116/1988 lægri dóma vegna athæfis brotaþola. Báðir höfðu orðið fyrir því að brotaþoli hafði leitað á þá kynferðislega.

Í H 92/1982 fékk brotamaðurinn 8 ára fangelsisdóm en hann vaknaði við að brotaþoli var að nauðga honum svo hann trylltist og stakk brotaþola til bana. Í H 116/1988 fékk brotamaðurinn 12 ára fangelsisdóm, en hann hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni sem barn og truflaðist því, er hann vaknaði við það að brotaþoli var að káfa á honum, hann henti brotaþola af sér, þeir áttu svo í ryskingum sem enduðu með því að hann þreif í hálsbindi brotaþola og herti að til að svæfa hann, en það olli því að brotaþoli kafnaði. Þessi mál eru lík að því leyti til að aðstæður og ástæður manndrápanna eru þær sömu þó svo að mismunandi verknaðaraðferðum sé beitt í hvoru máli fyrir sig. Ætla má að meginorsök þess að brotamaðurinn í H 92/1982 fékk lægri dóm, en brotamaðurinn í H 116/1988, sé að honum var nauðgað af brotaþola eða vegna þess að brotaþoli átti við einhvers konar geðræn vandamál að stríða en hann var nýkominn af geðdeild þegar verknaðurinn átti sér stað.

Einungis þrjár af átta brotamönnum sem þekktu þá sem þeir svipu lífi lítið eða ekkert fengu fullan dóm, eða 16 ár sem er hámark tímabundinna refsinga ef refsibýngingarákvæði 79.gr. hegningarlaganna á ekki við eða er ekki nýtt. Í H 167/1983 þar sem brotamaðurinn var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að skjóta franska ferðakonu með haglabyssu, eins og áður hefur verið nefnt, í H 22/1986 var brotamaður dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að berja brotaþola í höfuðið með járnút, stinga hann með skrúfjárnri og kveikja svo í honum og í H 62/2001 var brotamaður dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að henda stúlku fram af svölum í blokk eftir að hún vildi hætta samförum. Sama ástæða lá að baki manndrápsins í H 76/1989 þar sem brotamaður var dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir að hafa banað stúlku á heimili hennar, eftir að hún vildi hætta samförum. Ástæða þess að brotamennirnir fengu mismunandi refsingar, þrátt fyrir að sama ástæða lægi að baki manndrápunum er að í H 76/1989 var lítið til ungs aldurs brotamanns sem var 21 árs á verknaðarstundu og þess að hann var ekki

á sakarskrá og gaf sig sjálfur fram við lögreglu og sagði hreinskilningslega frá broti sínu. Þess má einnig geta að um mismunandi verknaðaraðferðir er að ræða.

6.1.3.1 Brotþoli er sviptur lífi í kjölfar ráns

Af marktækum meðalrefsingum miðað við tengsl brotamanna og brotþola þá er hæsta meðalrefsingin fyrir að svipta brotþola lífi í kjölfar ráns. Meðalrefsing þeirra sem svipta brotþola lífi í kjölfar ráns er 13 ár og rúmlega 10 mánuðir og er því yfir meðallagi refsinga vegna brota gegn 211. gr. hegningarlaganna. En eins og nefnt hefur verið þá er meðalrefsing allra brotamanna 12 ár og rúmlega 7 mánuðir og er því meðalrefsing þeirra sem svipta brotþola lífi í kjölfar ráns þó nokkuð yfir meðalrefsingu allra brotamanna vegna brota á 211. gr. hegningarlaganna.

Það má þó nefna að brotþolar sem voru sviptir lífi í kjölfar ráns voru fjórir, en brotamennirnir voru aftur á móti sjö, þar sem í þremur tilfellum (H 9/1977, H 25/1991 og H 8/1998) voru brotamennirnir fleiri en einn. Í tveimur málum H 9/1977 og H 25/1991 var um samverknað að ræða, en samverknaður er þegar tveir menn eða fleiri hafa vinna saman að afbroti og standa nokkurn veginn jafnt að vígi um ákvarðanir og framkvæmd þess. Samverknaður er að jafnaði metinn til þyngingar refsinga, því samkvæmt 2. mgr. 70. gr., 231. gr. og 2. mgr. 244. gr. hegningarlaganna er það refsihækkunarástæða að brot sé framið af tveimur mönnum eða fleirum í sameiningu.²⁴ Þetta á því eflaust sinn þátt í því hve háar refsingar eru fyrir að svipta brotþola lífi í kjölfar ráns. Í H 8/1998 var aftur á móti um að ræða hlutdeild í manndrápi, en samkvæmt 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna liggur almennt sama refsing við hlutdeildarbrot og aðalverknað. Fátítt er að til raunverulegrar refsilækkunar komi, því hlutdeild er yfirleitt einungis virt til málsbóta.²⁵ Í sérstökum tilvikum má þó lækka refsingu vegna hlutdeildarbrot eða jafnvel fella hana niður líkt og segir í 2. – 4. mgr. 22. gr. hegningarlaganna.²⁶ Hlutdeild er því brotamönnum að jafnaði til málsbóta og getur verkað sem refsilækkunarheimild, þar sem sá sem á hlutdeild að manndrápi telst ekki aðalmaður í broti líkt og þegar um samverknað er að ræða.²⁷ Þess má þó geta að mörkin á milli samverknaðar og hlutdeildar eru oft óljós og

²⁴ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð II* (1999), bls. 144. Og Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 258.

²⁵ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I* (1999), bls. 143.

²⁶ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 132.

²⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 258.

mikilvægt getur verið að greina þar á milli þar sem samverknaður hefur refsihækkandi áhrif, en hlutdeild hefur refsilækkandi áhrif.²⁸

Meðalrefsing brotamanna, sem svipta brotþola lífi í kjölfar ráns, er eins og áður hefur verið nefnt mjög há og þó nokkuð yfir meðalrefsingu allra brotamanna fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna. Meðalrefsing brotamanna þar sem tengsl þeirra við brotþola voru með þessum hætti er 13 ár og rúmlega 10 mánuðir, refsingar fyrir manndráp í kjölfar ráns eru þó að jafnaði hærri en meðalrefsingin gefur til kynna. Báðir brotamennirnir í H 9/1977 fengu fremur væga dóma sökum ungs aldurs á verknaðarstundu, enda var annar þeirra ekki orðinn fullra 18 ára á verknaðarstundu og samverkamaður hans var rétt orðinn fullra 18 ára. Þeir fengu 8 og 12 ára fangelsisdóma. Í H 8/1998 fékk svo annar brotamanna 12 ára fangelsisdóm fyrir hlutdeild í manndrápi. Þannig að þessir þrír dómur eiga stóran þátt í að lækka meðalrefsingu brotamanna sem svipta menn lífi í kjölfar ráns. Þess má geta að ef þessir dómur væru undanskildir þá væri meðalrefsingin 16 ár og 3 mánuðir.

Það sést því berlega að slík mál eru litin mjög alvarlegum augum. Ætla má að brotamennirnir í H 9/1977 hefðu fengið mun lengri dóma ef þeir hefðu verið eldri á verknaðarstundu enda brot þeirra var ekki síður ógeðfellt en í öðrum málum þar sem tengsl brotþola og brotamanns voru með þessum hætti. En Brotamennirnir voru í bíl með brotþola þegar þeir ákváðu að ræna hann. Eftir að hafa rænt hann börðu þeir brotþola til bana með spýtum og grjóti og skildu hann eftir út í skurði. Þetta mál er því ekki svo ósvipað H 8/1998 þar sem einnig var um samverknað að ræða. Í því máli buðust brotamennirnir til að keyra brotþola heim, en þess í stað keyrðu þeir út í Heiðmörk til að ræna hann. Þar festu þeir bílinn svo brotþola tókst að flýja, þeir náðu honum þó aftur, og lét þá annar brotamannanna 13 kílóa stein falla tvívegis á höfuð brotþola, svo að hann lést. Því næst fór brotamennirnir inn í bíl og keyrðu yfir brotþola. Sá brotamannanna sem lét steinin falla á höfuð brotþola var dæmdur í 16 ára fangelsi, en sá sem keyrði yfir brotþola fékk 12 ára fangelsisdóm fyrir hlutdeild að manndrápi. Það þótti skorta á að hið hlutræna efnisskilyrði 211. gr. væri uppfyllt, þ.e. að brotamaðurinn hefði með athæfi sínu orðið manni að bana.

Í öðrum manndrápsmálum þar sem brotþoli var sviptur lífi í kjölfar ráns voru refsingar ívið þyngri. Í H 194/1977 var brotamaður dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að berja konu í höfuðið með felgujárni svo að hún lést. Í H 25/1991 voru brota-

²⁸ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar* (2003), bls. 132.

mennirnir dæmdir í 16 og 17 ára fangelsi fyrir að hafa svipt starfsmann bensínstöðvar lífi er þeir rændu bensínstöðina. Atburðarás er mjög óljós þar sem brotamönnum ber ekki saman um það hvernig verknaðurinn átti sér stað.

6.1.4 Brotapoli vinur eða kunningi brotamanns

Meðalrefsing brotamanna sem urðu vinum eða kunningjum að bana er 12 ára fangelsi. Refsingar þeirra sem svipta vini eða kunningja lífi virðast því vera lægri en refsingar brotamanna sem hafa minni tengsl við brotapolu. Refsiákvæðanir lágu á bilinu frá 5 ára og 6 mánaða fangelsi til 16 ára fangelsis og eru því mjög dreifðar.

Í H 217/1976 var brotamaðurinn dæmdur í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir að stinga vin sinn til bana í átökum. Brotapoli hafði ætlað að stela bankabók brotamannsins. Litið var til þess við ákvörðun refsingar að brotapoli átti upptökin að viðureign þeirra og þess að brotamaðurinn var haldinn ofsahræðslu þegar verknaðurinn átti sér stað. Í H 40/1974 fékk brotamaður 9 ára fangelsisdóm fyrir að hafa skotið vin sinn, eftir að hafa hent honum út því hann taldi brotapolu hafa leitað á sig kynferðislega. Brotamennirnir í H 79/1960 og H 121/2001 voru dæmdir í 10 og 12 ára fangelsi fyrir að kyrkja brotapolu. Í H 79/1960 var brotamaðurinn dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir að kyrkja kunningjakonu sína eftir að hafa brotist inn til hennar til að hafa mök við hana. Í H 121/2001 var brotamaðurinn dæmdur í 12 ára fangelsi fyrir að kyrkja félagu sinn, en nokkurt ónæði hafði verið af honum.

Í H 181/1988 og H 168/1984 voru brotamennirnir dæmdir í 14 ára fangelsi, annar fyrir að stinga vin sinn til bana og hinn fyrir að stinga mann, sem hann hafði áður lent í illdeilum við, til bana í partíi. Í H 31/1980 og H 45/2000 voru brotamennirnir svo dæmdir í 16 ára fangelsi fyrir að stinga brotapolu til bana. Í H 31/1980 stakk brotamaðurinn nágranna sinn til bana, en í H 45/2000 stakk brotamaðurinn kunningja sinn til bana.

6.1.5 Brotapoli fyrrverandi maka brotamanns

Fimm brotamanna sviptu fyrrverandi maka sinn lífi. Meðalrefsing þeirra er 13 ár og 6 mánuðir sem er yfir meðalrefsingu. Það kemur á óvart hversu há meðalrefsing brotamanna, sem sviptu fyrrverandi maka sína lífi, er miðað við það að refsing brotamanna er að jafnaði lægri eftir því sem tengslin eru meiri á milli brotamanns og brotapolu. Meðalrefsing brotamanna, sem sviptu fyrrverandi maka sinn lífi er mun hærri en meðalrefsing þeirra brotamanna, sem sviptu þáverandi maka sína lífi,

eins og sjá má á mynd 6.3. Því mætti ætla að dómstólar líti það alvarlegri augum ef brotamenn svipta maka sína lífi eftir að samvistum þeirra lýkur heldur en þegar brotamenn sviptir brotapolu lífi á meðan á sambandi stendur.

Það er þó ekki endilega eina ástæðan fyrir þessum mun á refsingum. Ef litið er til þess hvernig manndrápin voru framin, það er hvaða verknaðaraðferð var notuð og af hvaða ástæðu, þá sést að í þeim málum þar sem brotamaður sviptir fyrrverandi maka lífi, er ásetningsstig að jafnaði hærra en í þeim málum þar sem brotamaður sviptir þáverandi maka sinn lífi.

Því í þremur málum (H 3/1968, H 159/1957 og H 79/1978) af þeim fimm, þar sem brotamaður sviptir fyrrverandi maka sinn lífi, hafði brotamaður morðvopnið meðferðis er hann fór að hitta brotapolu. Í H 3/1968 hafði brotamaðurinn hníf meðferðis er hann braust inn til fyrrverandi eiginkonu sinnar og í H 159/1957 og H 79/1978 höfðu brotamennirnir útvegað sér riffil til að skjóta fyrrverandi kærustur sínar fyrir að hafa hætt með þeim. Því má segja að ásetningsstig sé hærra í þeim málum. Til samanburðar má nefna að í aðeins tveimur málum (H 150/1958 og H 9/1982) af þeim sjö, þar sem brotamaður svipti maka sinn lífi, hafði ásetningur vaknað með brotamanni um að svipta brotapolu lífi áður en til átaka kom. Í H 150/1958 hafði brotamaðurinn keypt hníf til að bana sér eða unnustu sinni og í H 9/1982 hafði brotamaður keypt bensín með það í huga að kveikja í brotapolu.

Ef litið er til þeirra verknaðaraðferða sem notaðar voru til að svipta brotapolu lífi, þá virðast þær mismunandi grófar að því er virðist eftir því hvort brotapolu var fyrrverandi eða þáverandi maki brotamanns. Í þeim tilvikum þar sem brotapolu var fyrrverandi maki brotamanns þá voru eggvopn notuð í tveim tilvikum (H 3/1968 og H 55/1979), í tveim tilvikum voru skotvopn notuð (H 159/1957 og H 79/1978) og í einu tilviki var um að ræða barsmíðar og kyrkingu. Þær verknaðaraðferðir sem notaðar voru til að svipta þáverandi maka lífi voru annars konar, en í þremur tilvikum (H 119/1980, H 230/1984 og H 250/1988) var brotapolu kyrktur, í tveimur tilvikum (H 150/1958 og H 232/1992) var notast við eggvopn, en í hinum tveimur var um að ræða barsmíðar (H 19/1962) sem leiddu til dauða og íkveikju (H 9/1982). Þegar meðalrefsing brotamanna er skoðuð út frá verknaðaraðferð (sjá mynd 7.2) sést að þær verknaðaraðferðir sem notaðar voru til að svipta fyrrverandi maka lífi leiða að jafnaði til þyngri refsinga en þær aðferðir sem að jafnaði voru notaðar til að svipta maka lífi.

Sama hvaða ástæða liggur að baki þess hversu þungar refsingar brotamanna, sem svipti fyrrverandi maka sína lífi, eru þá voru refsingar brotamanna með þessi tengsl við brotþola mjög háar. Einungis einn af fimm brotamönnum fékk undir 14 ára dóm, en sá brotamaður var dæmdur í 5 ára og 6 mánaða fangelsi í H 55/1979 fyrir að stinga fyrrverandi eiginmann sinn til bana eftir að hafa verið misþyrmt og misboðið í stormasömu hjónabandi þeirra. Einn brotamannanna var dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir að skjóta fyrrverandi kærustu sína til bana vegna þess að hún hafði hætt með honum. Það var virt honum til refsilækkunar að erfiðleikar höfðu komið upp í sambúð brotamanns og brotþola sem fengu mikið á brotamann, auk þess virðist sem fyrirhugað sjálfsvíg brotamannsins í kjölfar verknaðar hafi einnig verið virt honum til málsbóta.²⁹

Hinir þrír brotamennirnir, sem sviptu fyrrverandi maka sinn lífi, voru allir dæmdir í 16 ára fangelsi (H 159/1957, H 3/1968 og H 141/2005). Í H 159/1957 skaut brotamaðurinn fyrrverandi kærustu sína, með riffli er hann hafði fengið lánaðan til verksins. Ástæða þess að hann skaut hana var sú að hún hafði hætt með honum skömmu áður. Þetta mál er því keimlíkt H 79/1978. Í H 3/1968 braust brotamaðurinn inn í íbúð fyrrverandi eiginkonu sinnar, þeim lenti svo saman og á-tökin enduðu svo með því að brotamaðurinn stakk brotþola til bana með hníf sem hann hafði meðferðis er hann fór að heimili brotþola. Í H 141/2005 höfðu brotþoli og brotamaður slitið skrykkjóttu sambandi og eftir að því lauk áttu þau í deilum um forræði barns þeirra, sem lauk svo með því að brotamaðurinn barði brotþola í höfuðið með kúbeini og kyrkti svo.

6.1.6 Brotþoli maki brotamanns

Sjö brotþolar voru makar brotamanna. Meðalrefsing brotamanna í þeim málum er áberandi lág, eða aðeins 9 ár og rúmlega 5 mánuðir sem er langt fyrir neðan meðalrefsingu fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna. Aðeins einn brotamannanna, sem svipti maka sinn lífi, fékk 16 ára fangelsisdóm, en það var í H 150/1958, en brotamaður hafði keypt hníf til að bana sér eða unnustu sinni. Hann byrjaði á að stinga sig, en þá sagði unnusta hans að hann hefði átt að vera búinn að taka líf sitt fyrir löngu. Þá trylltist hann og drap hana. Í H 9/1982 var brotamaður dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir að hafa af ásettu ráði hellt bensíni yfir eiginmann sinn, sem svaf ölvunarsvefni á heimili þeirra, og fleygt svo logandi eldspýtustokk í hann svo að

²⁹ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum* (1992), bls. 257.

hann brann til bana. Þetta eru lengstu dómar sem Hæstiréttur hefur dæmt brotamanni fyrir að dráp á maka á tímabilinu frá 1955-2005.

Hæstiréttur hefur dæmt aðra brotamenn, sem urðu maka sínum að bana, til lægri refsingar eða frá 6 og upp í 10 ára fangelsi. Þrír brotamannanna, sem sviptu maka sinn lífi, voru einungis dæmdir í 6 ára fangelsi. Í H 19/1962 var brotamaðurinn dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að misþyrma brotþola svo að hann beið bana, en brotamaðurinn fylltist ofsa er brotþoli kallaði hann í sífelli nafni annars manns á meðan á samförum stóð, brotþoli hafði einnig stundað það um skeið að storka honum í sífelli. Í H 232/1992 var brotamaðurinn dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að drepa sambýlismann og barnsföður sinn. Konan hafði komið heim eftir að hafa verið úti á lífinu og þá var hann með partí heima hjá þeim. Konan reyndi ítrekað að koma partígestunum út þar sem barn þeirra var vaknað. Sambýlismaður hennar tók það ekki í mál sagði gestunum að fara hvergi, því þeir væru hans gestir en ekki hennar. Hún reyndi þá að fá lögregluna til liðs við sig til að koma gestunum út, en lögreglan mátti ekki vera að því. Hún náði því í hníf til að hræða sambýlismanninn sem hló þá bara að henni svo hún stakk hann, sem varð til þess að hann beið bana. Brotamaðurinn í H 230/1984 var einnig dæmdur í 6 ára fangelsi. Hann kyrkti unnustu sína með því að grípa í trefil sem hún hafði um hálsinn og herða að svo að hún kafnaði. Í tveimur öðrum málum, þar sem brotþoli svipti maka sinn lífi, var um að ræða kyrkingu. Í H 119/1980 var brotamaður dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir að hafa kyrkt unnustu sína með trollgarni í kjölfar þess að hún sagði honum hve mörgum hún hefði sofíð hjá og að hún hefði selt sig, en þau höfðu átt í stormasömu sambandi og voru margoft búin að slíta trúlofun sinni á þeim þremur árum sem þau höfðu verið saman. Í H 250/1988 var brotamaður dæmdur í 10 ára fangelsi fyrir kyrkja eiginkonu sína með köðlum úr dyrahengi í kjölfar átaka þeirra á milli.


Miðað við framanritað þá virðist eins og áður hefur verið nefnt sem refsingar lækki eftir því sem kynni brotamann og brotþola eru meiri. Refsingar þar sem brotamenn svipta maka sinn lífi, eru áberandi lágar, en meðalrefsing þeirra er langt fyrir neðan meðalrefsingu eins og sjá má á mynd 6.3. Þess má þó geta að þetta stendur til bóta, því fyrir Alþingi er frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, en lagt er til að nán tengsl brotamanns og brotþola verði lögfest sem refsipýngingarástæða.³⁰

³⁰ Mál 365. Flutningsræða dómsmálaráðherra um frumvarp til breytingar á almennum hegningarlögum á 32. fundi 132. löggjafarþings, þann 29. nóvember 2005

7. Verknaðaraðferð

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að svipta menn lífi hér á landi Í þeim manndrápsmálum, sem fóru fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955-2005, voru sjö mismunandi aðferðir notaðar við manndráp af ásetningi. Auk þess var í tveimur málum notast við fleiri en eina aðferð.

Mynd 7.1 Verknaðaraðferð




Algengast var að brotþolar væru stungnir til bana eins og sést á mynd 7.1. Fjórtán brotþolar voru stungnir til bana. Sex brotþola voru kyrktir, sex voru skotnir og fjórir voru barðir til bana. Í þremur málum var svo um annars konar aðferð að ræða. Í tveimur málum var um fleiri en eina verknaðaraðferð að ræða. Í H 22/1986 var um þrjár mismunandi verknaðaraðferðir að ræða: brotamaður barði brotþola í höfuðið með járnörri, stakk hann með skrúfjárn, og hellti svo lakkþynni yfir brotþola og kveikti í. Í H 25/1991 sviptu brotamenn brotþola lífi með því að stinga hann margsinnis með melspíru, auk þess sem þeir veittu brotþola töluverða höfuðáverka, sem hvort um sig varð þess valdandi að brotþoli lét lífið. Í H 141/2005 var um tvær verknaðaraðferðir að ræða: brotamaður barði brotþola í höfuðið með kúbeini og kyrkti hana svo með því að herða ól um háls hans. Þess má geta að H 76/1989 er ekki flokkað undir manndráp þar sem fleiri en ein verknaðaraðferð var notuð. Brotamaðurinn hafði reynt að kyrkja brotþola, en ekki tekist þá náði hann í hníf og stakk brotþola til bana. Ástæða þess að þetta mál er ekki flokkað undir manndráp þar sem fleiri en ein verknaðaraðferð var notuð til að svipta brotþola lífi er að kyrkingartilraunin var ekki samverkandi þáttur í dauða brotþola.

7.1 Meðalrefsing brotamanna miðað við verknaðaraðferð

Verknaðaraðferð manndrápa virðist hafa þó nokkur áhrif á lengd refsinga. Þetta sést vel þegar meðalrefsing brotamanna er reiknuð út frá þeirri verknaðaraðferð sem notuð var til að svipta brotaþola lífi þá sést berlega hversu mikil áhrif verknaðaraðferð virðist hafa á refsingu brotamanna, eins og sjá má á mynd 7.2.

Mynd 7.2 Meðalrefsing miðað við verknaðaraðferð



Meðalrefsing þeirra brotamanna sem notuðu fleiri en eina verknaðaraðferð var 16 ára og 3 mánaða fangelsi. Það hæsta meðalrefsingin miðað við verknaðaraðferð. Brotamennirnir hlutu allir þunga dóma, en þrír þeirra voru dæmdir í 16 ára fangelsi og einn í 17 ára fangelsi. Það er að vísu eðlilegt að meðalrefsing brotamanna, sem beita fleiri en einni verknaðaraðferð, sé almennt hærri en meðalrefsing annarra brotamanna, þar sem ætla má að ásetningsstig sé hærri í þeim málum, vegna þess að fleiri aðferðum er beitt til að svipta brotaþola lífi og málin eru oft hrottafengnari en önnur mál.

Brotamenn, sem beittu öðru en skotvopnum, eggvopnum, barsmíðum eða kyrkingu, fengu einnig háa dóma en meðalrefsing þeirra er 14 ára og 6 mánaða fangelsi. Í þeim málum var oft um ógeðfelldar aðferðir að ræða, til dæmis í H 9/1982 þegar kveikt var í brotaþola sem svaf ölvunarsvefni. Í H 8/1998 var brotaþoli einnig sviptur lífi með fremur ógeðfelldum hætti, þegar brotaþoli lét lífið við að 13 kílóa steinn var tvívegis látinn falla á höfuð hans, því næst keyrði samverkamaður brotamanns yfir brotaþola. Í H 62/2001 svipti brotamaður brotaþola lífi með því að henda honum fram af svölum í blokk. Meðalrefsing þessara brotamanna ætti þó í raun að

vera hærri en annar brotamannanna í H 25/1991 var einungis dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir hlutdeild í manndrápi.

Refsingar brotamanna, sem skutu brotaþola til bana, voru einnig háar. Meðalrefsing þeirra var 13 ára og 10 mánaða fangelsi. Refsingar voru á bilinu 9 til 16 ára fangelsi, en þess má geta að helmingur þeirra brotamanna sem skaut brotaþola til bana var dæmdur í 16 ára fangelsi. Ástæðan fyrir því að meðalrefsing þeirra brotamanna, sem beittu áðurgreindum aðferðum við að svipta brotaþola lífi, fengu svo þunga dóma er eflaust sú að þær aðferðir voru hættulegri og líklegri til að valda dauða og eru því eflaust af herra ásetningsstigi en aðrar aðferðir svo sem barsmíðar, kyrking eða beiting eggvopna. Því er eðlilegt að meðalrefsing þeirra sé yfir meðalrefsingu fyrir brot á 211. gr. hegningarlagna.

Meðalrefsing annarra brotamanna var undir meðalrefsingu, en meðalrefsing þeirra sem beittu eggvopnum til að svipta brotaþola lífi er 12 ára og 4 mánaða fangelsi, sem er mjög nálægt meðalrefsingu. Það er eðlilegt vegna þess hversu hátt hlutfall hnífstungumála er. Refsiákvæðanir Hæstaréttar í hnífstungumálum sem ollu dauða lágu á bilinu frá 5 ára og 6 mánaða fangelsi og upp í 20 ára fangelsi sem er mjög breitt bil og orsakast af fjölda hnífstungumála og þeirra fjölmörgu atriða sem áhrif geta haft á þyngd refsinga.

Meðalrefsing brotamanna sem sviptu brotaþola lífi með barsmíðum var mun lægri, eða 10 ára og 6 mánaða fangelsi og því þó nokkuð undir meðalrefsingu í manndrápsmálum sem fóru fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955 til 2005. Það er þó athyglisvert að mikill munur er á refsingum brotamanna sem sviptu brotaþola lífi með barsmíðum eftir því hvort þeir notuðu einhvers konar barefli eða ekki. Í H 19/1962 var brotamaður dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að misþyrma eiginkonu sinni svo að hún beið bana af. Í H 9/1977 voru brotamennirnir dæmdir í 8 og 12 ára fangelsi fyrir að berja brotaþola til bana með flöskum, steinum, spýtum og öðru tilfallandi. Brotamennirnir í þessu máli fengu svo lága dóma sökum ungs aldurs. Brotamaðurinn í H 194/1977 var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að berja brotaþola í höfuðið með kúbeini. Það virðist því vera mikill munur á refsingum í manndrápsmálum þar sem brotaþoli er sviptur lífi með barsmíðum eftir því hvort barefli er notað eður ei. Þess má þó geta að í aðeins einu tilfelli var sviptur lífi með barsmíðum án bareflis.

Refsing brotamanna sem kyrktu brotaþola var aftur á móti langt fyrir neðan meðallag, eða 9 ára og 8 mánaða fangelsi sem er mun lægra en refsing annarra

brotamanna. Það virðist því vera sem Hæstiréttur álíti kyrkingu vægara brot en annars konar manndráp. Skýringin fyrir því að refsingar fyrir slík manndráp eru lægri en aðrar refsingar gæti falist í því að kyrkingar eru eflaust af lægra ásetningsstigi en annar konar manndráp, því það er sjaldnast fyrirfram skipulagt heldur á sér stað vegna æðiskasts geranda.


Athyglisvert er, þegar lítið er til tengsla brotamanns og brotþola í kyrkingarmálum, því í helmingi tilfella eða í þrem málum af sex, er brotþoli maki brotamanns. Það gæti því haft áhrif á það hversu lágar refsingar eru fyrir slík manndráp. Þessu gæti þó einnig verið öfugt farið, það er að refsingar fyrir það að svipta maka lífi séu lágar vegna þess að í þrem tilfellum af sjö þar sem brotamaður sviptir maka sinn lífi er um kyrkingu að ræða. Þetta tvennt gæti orsakað hve refsingar í kyrkingarmálum eru lágar og að refsingar þar sem brotamaður sviptir maka sinn lífi eru eins lágar og raun ber vitni.

Ef meðalrefsing í þeim þremur kyrkingarmálum þar sem brotamaður sviptir maka sinn lífi er reiknuð út sést að hvorutveggja virðist hafa þó nokkur áhrif á þyngd refsinga, það er bæði tengsl brotamanns og brotþola og verknaðaraðferðin. Meðalrefsing í málum þar sem brotamaður kyrkir maka sinn er einungis 8 ára fangelsi sem er langt undir meðalrefsingu og er einnig töluvert undir meðalrefsingu bæði í kyrkingarmálum og málum þar sem brotamaður sviptir maka sinn lífi. Þannig að þó svo að meðalrefsing beggja flokka sé langt undir meðalrefsingu þá er refsing þar sem bæði á við mun lægri.

Ef refsingar í H 230/1984 og H 116/1988, sem eru sambærileg mál, eru bornar saman sést hvaða áhrif tengsl brotamanns og brotþola hafa á þyngd refsinga, því þó refsingar í kyrkingarmálum séu lágar þá eru refsingar þar sem brotamaður kyrkir maka sinn enn þá lægri, líkt og áður hefur verið nefnt. Í H 230/1984 kyrkti brotamaður unnustu sína með því að grípa í trefil sem hún hafði um hálsinn og herða að svo að hún kafnaði, en í H 116/1988 kyrki brotamaður brotþola með því að rífa í hálsbindi brotþola og herða að svo að hann kafnaði. Brotþolar eru því sviptir lífi með sama hætti, en annar brotþola er unnusta brotamanns, en hinn þekkti brotaman lítið. Mikill munur er á refsingum brotamannanna í þessum málum þrátt fyrir það hversu lík þau eru. Brotamaðurinn sem svipti unnustu sína lífi var einungis dæmdur í 6 ára fangelsi, en hinn var dæmdur í 12 ára fangelsi. Þannig að heilmikill munur er á refsingum í þessum málum og ekki er að finna í dómunum neinar

sérstakar ástæður fyrir þessum mun. Gera má ráð fyrir að tengsl brotamanns og brotþola hafi haft afgerandi áhrif á þyngd refsinga í þessum málum.

Mynd 7.3 Verknaðaraðferð eftir tímabilum



Verknaðaraðferðir við manndráp virðast breytilegar eftir tímabilum, eins og sjá má á mynd 7.3. Til að mynda voru skotvopn einungis notuð til að svipta brotþola lífi á fyrri hluta tímabilsins, eða á milli 1956 og 1985. Hrottafengnari eða fólkskulegri manndrápum fjölgar eftir 1975. Þá er algengara að fleiri en einni verknaðaraðferð sé beitt til að svipta brotþola lífi. Hnífstungumálum fjölgaði einnig, en hnífstungur eru algengasta verknaðaraðferðin í manndrápsmálum og var henni beitt á öllum tímabilum. Kyrkingar eru ekki heldur bundnar við ákveðið tímabil, því kyrkingum var beitt á næstum öllum tímabilunum. Aðrar verknaðaraðferðir eru sjalgæfari eða bundnar við ákveðin tímabil eins og sjá má á mynd 7.3.

8. Samantekt og niðurstöður

Þegar niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar voru í þessari ritgerð eru teknar saman, kemur í ljós að ýmis atriði sem ekki eru nefnd í VIII. kafla almennu hegningarlaganna, sem fjallar um atriði sem áhrif hafa á refsihæðina, virðast hafa töluverð áhrif á þyngd refsinga.

Rannsóknin leiddi í ljós að kynferði brotamanna virðist ekki hafa haft afgerandi áhrif að þyngd refsinga. Þó svo að meðalrefsing kvenkyns brotamanna í þessum málaflokki væri mun lægri en meðalrefsing karlkyns brotamanna. Því þær konur sem frömdu manndráp af ásetningi og fóru fyrir Hæstarétt á tímabilinu frá 1955 til 2005 fengu svipaða dóma og karlkyns brotamenn höfðu fengið í sambærilegum málum. Í sambærilegum málum fengu brotamennirnir sambærilegar refsingar óháð kynferði.

Ástæðuna fyrir þessum mun á meðalrefsingu karlkyns og kvenkyns brotamanna má þó eflaust rekja til þess að kvenkyns brotamenn notuðu að jafnaði vægari aðferðir en karlkyns brotamenn þegar brotaþoli var sviptur lífi. Auk þess voru kvenkyns brotamenn í meiri tengslum við brotaþola sína. En refsingar eru að jafnaði vægari eftir því sem tengsl brotaþola og brotamanns eru meiri. Hafa ber í huga að fáar konur hafa verið sakfelldar í Hæstarétti fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna og því skal ekki draga of víðtækar ályktanir af þessu.

Aldur brotamanna hefur, ólíkt kynferði þeirra, mikil áhrif á þyngd refsinga. Þess má geta að fjallað er um aldur sem refsilækkunarástæðu í VIII. kafla hegningarlaganna. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna skal taka aldur brotamanns til greina við ákvörðun refsingar. Í 2. tl. 1. mgr. 74. gr. hegningarlaganna segir svo að sé brotamaður ekki fullra 18 ára á verknaðarstundu megi álíta, sökum æsku hans, að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg. Þess vegna má aldrei dæma brotamönnum, sem ekki voru fullra 18 ára á verknaðarstundu, þyngri refsingu en 8 ára fangelsi. Þessi lagaákvæði eru fyrst og fremst metin ungum brotamönnum til refsilækkunar. Yngstu brotamennirnir skera sig verulega úr hvað varðar refsingar þar sem meðalrefsing yngstu brotamannanna var langt undir meðallagi. Aldur annarra brotamanna virtist ekki hafa afgerandi áhrif á þyngd refsinga þeirra. Þess má þó geta að ef brotamaðurinn er hvorki ungur né gamall og er telst heilbrigður, þá eru minni líkur á að litið sé til einstaklingsbundinna sjónarmiða svo sem sérstakra varnaðarsjónarmiða eða félagslegrar endurreisnar.

Tengsl brotamanna og brotaþola virtust einnig hafa afgerandi áhrif á þyngd refsinga. Refsingar lækkuðu að jafnaði eftir því sem kynni brotamanns og brotaþola voru meiri. Refsing brotamanna, sem sviptu maka sína lífi, var langtum lægst og í raun langt fyrir neðan meðalrefsingu allra brotamanna fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna. Þess má geta að hvergi er nefnt að nán tengsl séu ástæða refsilækkunar í VIII. kafla hegningarlaganna. Nán tengsl eru þó ekki eina ástæðan fyrir því að brotamenn, sem svipta maka sinn lífi, fá svona mikið lægri refsingar en brotamenn með minni tengsl við brotaþola. Taka verður mið af þeim aðferðum sem brotamenn notuðu til að svipta maka sinn lífi. Þær voru að jafnaði ekki jafn hrottafengnar og aðferðir þeirra sem höfðu lítil eða engin tengsl við brotaþola.

Það sem kom þó sérstaklega á óvart varðandi þetta var að þeir brotamenn, sem sviptu fyrrverandi maka sína lífi, fengu mun þyngri dóma en þeir sem sviptu þáverandi maka sína lífi. Líkt og dómarrar sýni brotamönnum, sem svipta þáverandi maka sinn lífi, meiri miskunn en þeim sem svipta fyrrverandi maka sinn lífi. Ætla má að dómurum þyki mun alvarlegra að svipta brotaþola lífi þegar sambandi hans og brotamanns er lokið. Aðilar ættu að hafa haldið hvor í sína áttina, þar sem þeir hefðu hlotið lausn frá makanum og vandamálum þeirra á milli ætti því að vera lokið. Þess má þó geta að verknaðaaðferðir þar sem brotamaður svipti fyrrverandi maka sinn lífi voru oft hrottafengnari en þegar brotamenn sviptu maka sinn lífi, auk þess sem oft var um að ræða hærra stig ásetnings. Þetta getur því að einhverju leyti haft áhrif á þann mikla mun á refsingum brotamanna sem sviptu fyrrverandi maka sinn lífi og hinna sem sviptu þáverandi maka sinn lífi. Tengsl brotamanna og brotaþola virðast þó vera meginorsök þessa munar, þar sem ekki munaði svo miklu á verknaðaraðferðum að það gæti útskýrt þann mikla mun sem var á refsingum. Þetta gæti þó breyst þar sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Þar er meðal annars lagt til að lögfest verði sérstök refsipýngingarástæða þegar nán tengsl á milli brotamanns og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar eins og þegar um heimilisofbeldi er að ræða. Líklegt er að þetta muni einnig hafa einhver áhrif á refsingar í manndrapsmálum þar sem brotamaður sviptir maka sinn lífi. Nýja ákvæðið á að tryggja að dómarrar hafi heimild til að dæma brotamönnum þyngri refsingu en ella, þegar nán tengsl eru á milli brotamanns og brotaþola, vegna þess trúnaðar sem ríkir á milli aðila.

Verknaðaraðferðir hafa einnig afgerandi áhrif á þyngd refsinga. Því hrottafengnari sem verknaðaraðferð var þeim mun þyngri refsingar fengu brotamenn. Ásetningsstig getur einnig skipt sköpum og hefur áhrif á verknaðaraðferð. Kyrking er til dæmis vægari aðferð en það að skjóta brotþola þar sem kyrking er að jafnaði ekki fyrirfram skipulögð heldur framin í æðiskasti. Þegar skotvopnum er hins vegar beitt er manndrápið yfirleitt fyrirfram skipulagt enda hafa brotamenn, sem nota skotvopn til að svipta brotþola lífi, vopnið yfirleitt meðferðis í þeim tilgangi að svipta menn lífi.

Þróun manndrápa í frá 1955 til 2005 hefur ekki verið rædd sérstaklega í þessari ritgerð en er þó nefnd á nokkrum stöðum, til að mynda er rætt um kynferði brotþola eftir tímabilum, mismunandi tengsl brotamanna og brotþola eftir tímabilum og mismunandi verknaðaraðferðir eftir tímabilum.

Ef lítið er á þróun manndrápsmála í heild þá kemur í ljós að fleiri karlmenn eru nú brotþolar en á fyrsta tímabilinu. Þessi þróun er eflaust samfara því að tengsl brotamanna og brotþola fara minnkandi. Á fyrstu tímabilum rannsóknarinnar eru brotþolar aðallega makar og fyrrverandi makar brotamanna. Síðan fylgandi manndrápsmálum og það varð algengara að brotþoli og brotamaður þekktust lítið eða ekkert, þó svo að á öllum tímabilum hafi einhverjir brotþola haft nán tengsl við brotamann sinn. Þegar tekið er tillit til munar á verknaðaraðferðum eftir tímabilum þá voru skotvopn einungis notuð á fyrri hluta tímabilsins, á seinni hluta tímabilsins færðust hnífstungur mjög í aukana, auk þess sem verknaðaraðferðir urðu hrottafengnari. Til að mynda var í þremur málum á seinni hluta tímabilsins fleiri en ein verknaðaraðferð notuð.

Þróunin hefur því verið sú að tengsl brotamanna og brotþola fara minnkandi og verknaðaraðferðir verða hrottafengnari. Þó svo að ekki hafi verið fjallað um vettvang manndrápa í þessari ritgerð, þá má nefna að vettvangur manndrápa hefur í gegnum tíðina þróast frá því að vera oftast innan veggja heimilisins í það að gerast úti á götu. Það er því ljóst að ýmislegt hefur breyst hvað varðar manndrápsmál á tímabilinu frá 1955 til 2005. Frekari rannsóknir á þessu málaflokki verða þó að bíða betri tíma

Heimildaskrá

Björn Bjarnason. Mál 365. *Flutningsræða dómsmálaráðherra um frumvarp til breytingar á almennum hegningarlögum* á 32. fundi 132 löggjafarþings, þann 29. nóvember 2005.

Ingibjörg Benediktsdóttir „Staða sakhæfra barna á aldrinum 15-18 ára sem sakborn-
inga“ *Lindæla*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001) bls. 319-338

Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum*. (Reykjavík: Bókaútgáfa Orators, 1992)

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999)

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002)

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð III*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004)

Ragnheiður Harðardóttir „Um brot gegn 211. grein almennra hegningarlaga,“ (1991)
X:1 *Úlfjótur* bls. 43.

Ragnheiður Harðardóttir, tölvupóstur, 24. apríl 2006.

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*.
(Reykjavík: Bókaútgáfa Orators, 2003)

Skrá ríkissaksóknara yfir brot gegn lífi og líkama frá 1. júlí 1992. [óútgefið efni]

Heimildir af netinu:

<http://althingi.is/vefur/lagasafn.html>

<http://www.haestirettur.is/index.jsp>.

<http://www.rettarrikid.is/>

Dómaskrá

H 159/1957	18, 26, 38, 39.	H 62/1987	11, 22, 35, 36.
H 150/1958	20, 27, 38, 39.	H 116/1988	17, 26, 36, 44.
H 79/1960	16, 19, 26, 37.	H 181/1988	17, 18, 27, 37.
H 19/1962	16, 26, 38, 40, 43.	H 250/1988	17, 24, 25, 38, 40.
H 3/1968	20, 26, 38, 39.	H 76/1989	27, 36, 41.
H 71/1969	27, 30, 32.	H 25/1991	7, 10, 16, 26, 27, 33, 35, 41, 43.
H 40/1974	37.	H 232/1992 ...16, 20, 21, 24, 38, 40.	
H 217/1976	17, 20, 24.	H 461/1993	10, 11, 16, 26, 32.
H 9/1977	7, 17, 22, 23, 33, 34, 43.	H 8/1998	7, 18, 26, 33, 34, 42.
H 52/1977	15, 23, 35, 36.	H 45/2000	27, 37.
H 194/1977	27, 35, 43.	H 24/2001	10, 11, 26, 32.
H 79/1978	14, 27, 38, 39.	H 62/2001	18, 27, 36, 42.
H 55/1979	16, 20, 21, 24, 26, 38.	H 121/2001	14, 15, 19, 26, 37.
H 31/1980	26, 37.	H 141/2005	27, 39, 41.
H 119/1980	16, 24, 38, 40.		
H 9/1982	14, 15, 19, 20, 26, 38, 39, 42.		
H 92/1982	14, 15, 36.		
H 167/1983	27, 35, 36.		
H 168/1984	17, 26, 37.		
H 230/1984	18, 26, 38, 40, 44.		
H 22/1986	19, 27, 36, 41.		

Myndaskrá

Mynd 3.1 Dreifing refsinga fyrir brot á 211. gr. hegningarlaganna	12
Mynd 3.2 Samanburður á refsingum Hæstaréttar og héraðsdóms	13
Mynd 4.1 Aldursdreifing brotamanna	21
Mynd 4.2 Meðalrefsing brotamanna miðað við aldur	25
Mynd 5.1 Kynferði brotþola eftir tímabilum	28
Mynd 6.1 Tengsl brotþola og brotamanns	29
Mynd 6.2 Tengsl brotþola og brotamanns eftir tímabilum	30
Mynd 6.3 Meðalrefsing miðað við tengsl brotþola og brotamanns	31
Mynd 7.1. Verknaðaraðferð	41
Mynd 7.2 Meðalrefsing miðað við verknaðaraðferð	42
Mynd 7.3 Verknaðaraðferð eftir tímabilum	45